



Samanburður á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu: Áhersla á landsbyggðina

Silja Rós Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Samanburður á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu: Áhersla á landsbyggðina

Silja Rós Guðjónsdóttir

240787-3429

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Silja Rós Guðjónsdóttir 2011

Prentun: Samskipti

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitast við að varpa ljósi á hvort að munur sé á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu. Aðaláhersla er á starf félagsráðgjafa á landsbyggðinni en starfið á höfuðborgarsvæðinu er notað til viðmiðunar. Ritgerðin byggir á eigindlegri rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við sex félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Voru þeir valdir eftir búsetu og var þeim skipt upp í þrjá flokka. Tveir félagsráðgjafar störfuðu á höfuðborgarsvæðinu, tveir þeirra í millistóru sveitarfélagi og tveir voru einyrkjar. Fram kom munur á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu samkvæmt upplifun þeirra sem tóku þátt í þessari rannsókn. Felst þessi munur þá helst í mikilli nálægð við skjólstæðingana á landsbyggðinni sem á sér ekki stað á höfuðborgarsvæðinu. Félagsráðgjafar á landsbyggðinni þurfa því frekar að glíma við togstreitu á milli faglega hlutverksins og þess persónulega. Það þurfa félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu síður að gera. Einnig geta félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu sérhæft sig meira og farið eftir áhugasviði sínu en félagsráðgjafar á landsbyggðinni eru að glíma við öll þau verkefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsráðgjafastarfið á landsbyggðinni einkennist því einna helst af nánd við skjólstæðingana, mikilli fjölbreytni og lítilli sérhæfingu. Má segja að það geti verið bæði kostur og galli.

Formáli

Ritgerð þessi er skrifuð til BA-prófs í félagsráðgjöf við félagsráðgjafardeild í Háskóla Íslands. Leiðbeinandi við ritgerðina var Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir og kann ég henni mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf og gagnlegar ábendingar. Einnig vil ég þakka þátttakendum mínum sem veittu mér viðtöl við framkvæmd rannsóknarinnar. Enn fremur vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir hjálp og stuðning á þeim tíma sem rannsóknin og ritgerðarskrif stóðu yfir. Þar að auki langar mig að þakka Andra Hugo Runólfssyni fyrir yfirlestur á ritgerðinni.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Formáli.....	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur.....	5
Rannsóknarspurningar	6
1-4 Fræðilegur bakgrunnur.....	8
1 Saga félagsráðgjafar	8
1.1 Uppruni félagsráðgjafar í Bandaríkjunum.....	8
1.2 Jane Addams.....	9
1.3 Mary Richmond	10
1.3.1 Ólíkar áherslur Addams og Richmond.....	11
1.4 Uppruni félagsráðgjafar á Íslandi.....	12
1.4.1 Félagsráðgjafanámið.	13
1.5 Fræðileg líkön.....	13
1.5.1 Vistfræðilíkanið.	13
1.5.2 Líkan Andrew M. Dobelstein.....	14
2 Hlutverk, markmið og vinnuaðferðir félagsráðgjafa.....	16
2.1 Hlutverk.....	16
2.2 Vinnuaðferðir	17
3 Félagsþjónusta sveitarfélaga.....	19
3.1 Saga félagsþjónustu sveitarfélaga	19
3.2 Félagsmálanefnd	20
3.3 Sveitarfélög á Íslandi	21
3.3.1 Úr sveit í borg.	24
3.3.2 Byggðavandi.....	25
4 Félagsráðgjöf í dreifbýli	27
4.1 Dreifbýlisfélagsráðgjöf í Bandaríkjunum.....	27
4.2 Félagsráðgjafar á landsbyggðinni.....	29
4.3 Kostir.....	31
4.4 Gallar	32
4.5 Ólíkur hugsunarháttur þá og nú.....	33
5 Aðferð	35
5.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir	35
5.2 Framkvæmd.....	36
5.3 Gagnasöfnun, skráning og úrvinnsla	36
5.4 Þátttakendur	38
6 Niðurstöður	41

6.1	Nánd við skjólstæðinga	41
6.2	Áreiti.....	43
6.3	Að setja mörk.....	44
6.4	Sérhæfing og handleiðsla.....	46
6.5	Vægi félagsmálanefndar.....	48
	Umræða.....	50
	Heimildaskrá.....	53
	Fylgiskjal 1	
	Fylgiskjal 2.....	

Inngangur

Félagsráðgjöf er nútímafag sem þróaðist um aldamótin 1900 í tengslum við umrót iðnbyltingarinnar. Einstaklingar, fjölskyldur og samfélög þurftu að aðlagast að nýju því sem fylgdi nýju gildismati, borgarvæðingu og breyttum lífstíl (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Í gegnum 100 ára sögu fagsins hafa áherslur verið misjafnar á ólíkum tímum (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991). Félagsráðgjöf er sú fræðigreinin sem hefur þróað með sér fræðilegan grunn, sameiginleg hugtök, hugmyndafræði og markmið ásamt því að skilgreina hlutverk (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Félagsráðgjöf er fjölbreytt fag og er margbreytileikinn það sem mörgum félagsráðgjöfum finnst mest spennandi við fagið. Fagið hefur þá sérstöðu að samnýta margar kenningar og nýta það besta úr hverri og einni fræðigreinin (Dominelli, 2002).

Á Íslandi hófu fyrstu félagsráðgjafarnir að starfa á höfuðborgarsvæðinu. Með tímanum fóru þeir einnig að starfa á landsbyggðinni (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Félagsráðgjafar á landsbyggðinni eru líklegri til að mæta erfiðleikum í starfi sökum smæðar samfélagsins. Þar er lítil sem engin sérhæfing í starfinu og þarf félagsráðgjafinn því að sinna öllum málaflokkum sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Á landsbyggðinni þekkjast flestir innan hvers samfélags og nándin getur því verið mikil. Erfitt getur verið að afgreiða tiltekin mál þar sem félagsráðgjafinn þekkir skjólstæðinginn persónulega. Félagsráðgjafinn þarf því að reyna eftir bestu getu að sameina faglega hlutverkið og persónulega hlutverkið, sem getur oft reynst erfitt. Einnig þarf hann að læra að meta aðstæður sínar því það hefur bæði sína kosti og galla að vera félagsráðgjafi á landsbyggðinni. Það getur annars vegar haft í för með sér takmarkanir eins og lítið fjármagn, nánd við skjólstæðinga og mikla einangrun og hins vegar tækifæri til að vera skapandi og opinn fyrir fjölbreyttum möguleikum (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Hin mikla nánd við skjólstæðinga er ekki einungis erfið fyrir félagsráðgjafa. Aðrar starfsgreinar finna líka fyrir nándinni. Þetta getur til að mynda verið erfitt fyrir lögreglumenn, presta, sálfræðinga, lækna og fleiri stéttir sem vinna náið með einstaklingum. Ég rakst á viðtal við lögreglumann sem orðaði muninn á því að starfa í litlu sveitarfélagi og á höfuðborgarsvæðinu mjög vel. Hann talaði um að þegar hann vinnur sem lögreglumaður í sínum heimabæ þá er hann alltaf lögreglumaður og návígið alltof mikið en þegar hann vinnur sem lögreglumaður í Reykjavík þá stimplar hann sig út þegar vaktinni er lokið. Á

höfuðborgarsvæðinu er frekar hægt að falla inn í fjöldann heldur en á landsbyggðinni (Grétar Stefánsson, 2010).

Ætlun mín með þessari ritgerð er að bera saman störf félagsráðgjafa á landsbyggðinni við störf félagsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu. Notast er við ritaðar heimildir og viðtöl við sex félagsráðgjafa sem starfa við félagsþjónustu sveitarfélaga. Með viðtölunum fékk ég góða innsýn í starf félagsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Ég valdi félagsráðgjafana sex eftir búsetu hvers og eins og hvernig starfi þeir gegndu. Til að fá sem besta innsýn í starf þeirra valdi ég tvo félagsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu, tvo félagsráðgjafa í millistóru sveitarfélagi þar sem 2-4 starfsmenn starfa og svo tvo einyrkja.

Hugmyndin að þessu ritgerðarefni kviknaði ári 2008. Það var í tíma sem nefndist félagsráðgjöf í sveitarfélagi og var þessi eini tími partur af faginu Almenn félagsráðgjöf FRG101G. Í þeim tíma fór kennarinn yfir það hversu ólíkt það væri að vera félagsráðgjafi í litlu sveitarfélagi samanborið við höfuðborgarsvæðið. Hann tók gott persónulegt dæmi um muninn á störfunum. Kennarinn var þá að starfa sem félagsráðgjafi í sveitarfélagi fyrir norðan. Í sakleysi sínu hafði hann kveikt undir kartöflunum heima hjá sér og ætlað að stökkva út í búð á meðan. Í búðinni rakst hann á skjólstæðing sinn sem kippti honum afsíðis á bakvið tannkremssrekkann og lét allt flakka. Heima hjá félagsráðgjafanum voru kartöflurnar að sjóða upp úr á meðan skjólstæðingurinn malaði um mál sitt inn í matvörubúðinni. Þessu hafði hann aldrei lent í á höfuðborgarsvæðinu en í litlum sveitarfélögum getur þetta verið algengt. Fyrir þennan tíma hafði ég ekki áttað mig á að svona gæti þetta verið á sumum stöðum landsins. Sjálf er ég fædd og uppalinn úti á landi og fór því að velta þessu mikið fyrir mér. Þessi tiltekni tími var á fyrsta ári námsins og var áhuginn mikill að kanna frekar hver munurinn væri. Nú þremur árum seinna hefur sú rannsókn orðið að veruleika. Ekki hefur verið mikið um frekari kennslu um félagsráðgjöf í sveitarfélagi og þykir mér það miður. Mér þætti áhugavert að skoða hvort að ekki sé þörf á því.

Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningar mínar eru: Er munur á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu; ef svo er, í hverju felst sá munur ?

Rannsóknarspurningarnar og rannsóknin miðast við félagsráðgjafa í félagsþjónustu sem sinna málefnum barna og unglunga, málefnum aldraðra, fjárhagsaðstoð, félagslegri ráðgjöf,

húsnæðismálum, félagslegri heimaþjónustu og aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafavarnir. Ekki er tekið mið af félagsráðgjöfum í heilbrigðisþjónustu né þeim sem sinna málefnum fatlaðra.

Ritgerð þessi skiptist í fjóra hluta fyrir utan útdrátt og inngang. Fyrsti hlutinn er fræðilegur og skiptist hann í fjóra kafla ásamt undirköflum. Í fyrsta kafla fræðilega hlutans er fjallað um sögu félagsráðgjafar, bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Farið er yfir hvernig fagið varð til sem fræðigrein og helstu frumkvöðla þess. Í öðrum kafla fræðilega hlutans er gerð grein fyrir því hvað félagsráðgjöf er, hvert hlutverk félagsráðgjafa sé og helstu vinnuaðferðir þeirra. Þriðji kafli fræðilega hlutans fjallar um félagsþjónustu sveitarfélaga og uppruna þeirra. Einnig verður gerð grein fyrir fjölda sveitarfélaga á Íslandi og félagsþjónustum á bak við hvert sveitarfélag. Í fjórða kafla fræðilega hlutans er farið yfir hvernig það er að vera félagsráðgjafi á landsbyggðinni, kostir þess og gallar. Annar hluti ritgerðarinnar er aðferðakafli. Hann skiptist í fjóra undirkafla þar sem farið er yfir rannsóknaraðferð, framkvæmd, gagnasöfnun og einnig er greint frá hverjum viðmælenda fyrir sig. Í þriðja hluta ritgerðarinnar er greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Skiptist sá kafli í fjóra undirkafla þar sem gerð er grein fyrir sameiginlegum atriðum viðmælenda. Fjórði hlutinn er umræðukafli, þar sem ýmsum hugleiðingum höfundar er velt upp.

1-4 Fræðilegur bakgrunnur

1 Saga félagsráðgjafar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir sögu félagsráðgjafar, bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi. Farið verður yfir helstu frumkvöðla og hvernig þeir hafa sett svip sinn á fagið með fjölbreyttum aðferðum, sem enn eru notaðar í dag.

1.1 Uppruni félagsráðgjafar í Bandaríkjunum

Samkvæmt orðabók félagsráðgjafa (e. The Social Work Dictionary) er félagsþjónusta ákveðin stofnun innan samfélagsins sem þjónustar einstaklinga og fjölskyldur. Aðstoðin felst í að hjálpa fólki að uppfylla viðunandi félagslegar, fjárhagslegar, menntunar- og heilsukröfur. Frá upphafi landnáms í Bandaríkjunum hafa húmanistar haft áhuga á að leggja grunn að því að hjálpa einstaklingum og fjölskyldum sem þurfa á aðstoð á halda með því að efla þjónustukerfið. Í þróun velferðakerfisins hafa lýðræðislegar áherslur ameríska lífstílsins verið leiðandi en þær eru virðing fyrir hverjum og einum og mikilvægi aðlögunar einstaklinga að velferð (Farley o.fl., 2006).

Rekja má rætur félagsvelferðar og félagsráðgjafar í Bandaríkjunum til þróunar sem átti sér stað í Evrópu, eða til „the Elizabetan Poor Laws“ í Englandi. Þá tók fólkið í samfélaginu það að sér að hjálpa þeim sem þurftu á því að halda. Helstu áherslur á félagsvelferð landsins voru á mannúð og með tímunum fóru íbúar og æðstu menn að koma með uppástungur um að velferðarþjónustan skyldi borguð með sköttum. „The Social Security Act“ voru lög sem buðu upp á almenna aðstoð, atvinnuleysisbætur, félagstryggingar og aðstoð fyrir börn og blinda. Þessi lög voru sett árið 1935 og gjörbreyttu þau öllu í Bandaríkjunum. Árið 1962 voru gerðar ýmsar breytingar á lögnum sem fólu í sér að stjórnvöld tóku frekari þátt í að bæta velferð einstaklinga. Lögð var áhersla á réttindi barna og fjölskyldna þeirra sem og bættri félagsvelferð. Velferðarkerfin „Medicare“ og „Medicaid“ voru sett sem viðauki við umrædd lög árið 1965 og var markmið þeirra að leggja grunn að góðri heilsu og læknisþjónustu í Bandaríkjunum fyrir fátæka og aldraða (Farley o.fl., 2006).

Forsetar Bandaríkjanna hafa spilað stórt hlutverk í að leggja áherslu á velferðarþjónustu landsins. Það var þó ekki fyrr en árið 1962 sem forseti Bandaríkjanna talaði til þingsins með áhersluna eingöngu á velferð almennings, var það í fyrsta skipti sem það var gert. Þegar

Kennedy var forseti Bandaríkjanna benti hann á mikilvægi þess að hlúa að einstaklingum og fjölskyldum. Hann taldi að ef ekki yrði tekið á þessum vandamálum þá myndu vandamál samfélagsins aukast og færast síðan yfir á næstu kynslóðir. Síðan Kennedy benti á þetta hafa allir forsetar á eftir honum lagt áherslu á góða velferðarþjónustu. Clinton lagði áherslu á breytingar. Hann taldi að fjárfesting Bandaríkjanna ætti að vera í fólki og framtíð þeirra. Árið 1996 skrifaði hann undir „the Personal Responsibility and Work Opportunity Reconciliation Act“ lögin. Með þeim urðu róttækar breytingar á velferðakerfi Bandaríkjanna og má þar helst nefna fjárhagslegt öryggisnet fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Yfirskrift laganna var „sjálfsábyrgð“ og „atvinnumöguleikar“. Talið var að gamla kerfið væri að bregðast þegnum samfélagsins og áttu þessi lög að bæta úr því (Farley o.fl., 2006).

Félagsráðgjafastarfið og auknar vinsældir þess eiga stóran þátt í þróun félagsvelferðar í Bandaríkjunum. Til eru fagleg samtök um félagsráðgjöf, „The National Association of Social Workers“ og einnig er til menntunarflokkur sem setur staðla í menntuninni, „The Council on Social Work Education“. Félagráðgjafastétt Bandaríkjanna hefur þurft að takast á við miklar áskoranir og þurfa þeir alltaf að vera á varðbergi til þess að tryggja félagslega velferð einstaklinga og fjölskyldna (Farley o.fl., 2006).

1.2 *Jane Addams*

Helsti frumkvöðull félagsráðgjafar er Jane Addams (1860-1935). Hún vann að réttindamálum minnihlutahópa og mælti með því að skjólstaðingunum yrði mætt þar sem þeir væru staddir. Hún taldi orsök félagslegra vandamála vera í umhverfinu og því væri nauðsynlegt að starfa í sama samfélagi og skjólstaðingarnir. Út frá því einkenndust vinnuaðferðir hennar að miklu leyti af hópa- og samfélagsvinnu. Árið 1889 stofnaði Addams Hull House, sem var nokkurs konar miðstöð þar sem fátækir og sjúkir gátu leitað sér aðstoðar (Farley o.fl., 2006). Ungar og efnaðar konur bjuggu í húsinu og buðu fram aðstoð sína. Þær hjálpuðu fólki að fóta sig og koma sér á beinu brautina en margir sem þangað leituðu voru innflytjendur, sem áttu erfitt með að aðlagast nýju landi og menningu þess. Seinna meir bættist ýmislegt við starfseminu í Hull House, til að mynda atvinnumiðlun, barnagæsla, heilsugæsla, bókasafn, listasafn og kennsla. Starfsemin sem þarna fór fram var unnin af hugsjón, kærleika og ástúð, sem breiddist út í samfélagið (Kolbrún S. Ingólfssdóttir, 2009).

Fimm árum eftir stofnun Hull House, eða árið 1894, stofnaði Addams samtök hverfamiðstöðva í Chicago og árið 1911 stofnaði hún Landssamtök hverfamiðstöðva (Farley o.fl., 2006). Áhugi Addams á félagsmálum snerti flest svið þjóðfélagsins. Til að mynda stóð hún fyrir því að sérstökum unglingadómstóli var komið á í Bandaríkjunum (Kolbrún S. Ingólfssdóttir, 2009). Einnig leiddi barátta hennar og verkalýðsfélaga til þess að lög voru sett á sem takmörkuðu vinnutíma barna. Addams taldi að helsta aflið til þess að koma á friði væri samúð og skilningur fólks. Hún reyndi að koma þeim skilaboðum áfram, að fyrst að fólk frá ólíkum þjóðum, sem höfðu deilt og barist, gætu lifað í friði, þá ættu aðrar þjóðir einnig að geta það. Út frá þessari sannfæringu varð hún einn helsti talsmaður fyrir bræðralagi og samvinnu þjóða (Thomas og Thomas, 1949).

Addams skrifaði fjöldann allan af greinum og 11 bækur. Má þar helst nefna bækurnar „Democracy and Social Ethics“ og „Twenty Years at Hull House“, sem kom út árið 1920 og var nokkurs konar sjálfssævisaga hennar. Árið 1910 varð hún heiðursdoktor við Yale og var því fyrsta konan að hljóta þann titil. Einnig varð hún fyrsti kvenforseti „National Conference of Charities and Corrections“, sem hét seinna „National Conference of Social Work“. Hún barðist fyrir réttindum kvenna og svertingja og í fyrri heimsstyrjöldinni gerðist hún mikill friðarsinni. Fyrir það fékk hún friðarverðlaun Nóbels árið 1931 og var jafnframt fyrsta konan til að hljóta þann heiður (Kolbrún S. Ingólfssdóttir, 2009). Þegar Addams lést fjórum árum síðar, árið 1935, mættu um fimmtíu þúsund manns í jarðarförina til að kveðja hana, bæði innflytjendur og innfæddir (Thomas og Thomas, 1949).

1.3 *Mary Richmond*

Mary E. Richmond (1861-1928) lagði áherslu á að mæta þyrfti skjólstæðingnum á siðfræðilegu nótunum sem og að starfinu væri sinnt á faglegum grunni. Hún hafði einstaka stjórnunar- og skipulagshæfileika á sviði velferðarmála og lagði jafnframt áherslu á að bera virðingu fyrir einstaklingnum sem var heimsóttur. Hún taldi mikilvægt að fá sem nákvæmastar upplýsingar um aðstæður skjólstæðingsins og að reyna að ná góðu og traustu sambandi við hann. Með því að starfa þannig á faglegan hátt taldi hún að hægt væri að ná meiri árangri í starfi. Richmond þróaði „Case Work“ aðferðarfræðina, sem er útbreidd aðferð og enn í dag er verið að styðjast við grundvallaratriði úr henni. Aðferðin byggist á því að beita

heildstæðari þekkingu á hagnýtan hátt í þágu hvers skjólstæðings og aðstæðum hans. Í baráttunni fyrir réttindum skjólstæðinga sinna taldi hún mikilvægt að berjast þyrfti fyrir þeim út á við og að hafa áhrif á æðstu menn til að bæta kjör skjólstæðinganna (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991).

Til þess að hægt væri að líta á félagsráðgjöf sem faggrein taldi Richmond að þróa þyrfti kenningafræðilegan ramma utan um vinnubrögðin. Setja þyrfti saman skýrar vinnuaðferðir sem byggðust einnig á vísindalegri þekkingu en ekki aðeins nákvæmum ferlum. Hennar mat var að ef félagsráðgjafarstarfið yrði ekki mótað á þennan hátt þá yrði það aldrei sjálfstæð faggrein (Midgley, 1997). Richmond skrifaði bækur með þetta markmið að leiðarljósi. Fyrsta bók hennar var bókina „Friendly Visiting Among the Poor“ (1899) og fjallaði hún helst um hugmyndafræði og vinnubrögð. Í seinni bók sinni þróaði hún kenningarnar úr fyrri bók sinni enn frekar og skrifaði bókina „Social Diagnosis“ (1918), sem varð síðan fyrsta aðferðafræðiritið í félagsráðgjöf og hefur verið notað mikið víða í heiminum. Þar kemur fram helsti fræðilegi grunnur að fagmennsku, siðfræði hjálparinnar, skipulögð vinnubrögð og að bera virðingu fyrir einstaklingnum. Einnig kemur hún inn á mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar og samhygð með þeim sem minna mega sín. Árið 1921 var henni veitt heiðursgráða við Smith College fyrir að hafa mótað vísindalegan grunn að nýrri fræðigrein (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

1.3.1 Ólíkar áherslur Addams og Richmond.

Þó að Addams legði frekar áherslu á hópa- og samfélagsvinnu en Richmond á vinnu með einstaklinginn, þá börðust þær báðar fyrir félagslegu réttlæti. Þær skipa báðar stóran sess í sögu félagsráðgjafar, sem enn þann dag í dag er að þróast. Báðar lögðu þær áherslu á heildarsýn, fagleg vinnubrögð og gott siðferði. Sökum ágreinings þeirra um ýmis áhersluatriði hafa orðið til ólíkar vinnuaðferðir innan fagsins. Slíkur fjölbreytileiki er einn af helstu kostum félagsráðgjafar í dag. Vinnuaðferðir þeirra og réttindabarátta hefur breytt miklu og bætt hag einstaklinga, bæði þá og í dag, því enn er verið að styðjast við aðferðir þeirra (Farley, o.fl., 2006)

1.4 Uppruni félagsráðgjafar á Íslandi

Elsta lagaákvæði heimsins um fátæktaraðstoð á vegum hins opinbera er íslenskt. Kveðið er á um íhlutun stjórnvalda um málefni þurfamanna í hinni fornu lögbók Grágás frá þjóðveldisöld og má finna sömu ákvæði í Jónsbók frá árinu 1280. Uppruna góðgerðar- og líknarstarfs á Íslandi má rekja til fátæktar. Fátæktarframfærslan var helsta félagslega verkefni hreppa fyrri alda. Fjöldinn allur af félagasamtökum voru stofnuð um og upp úr aldamótunum 1900. Félagasamtökin höfðu frumkvæði af margvíslegri þjónustu, bæði félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu og voru konur fremstar í flokki að sinna sjálfböðavinnu í þeim störfum. Markmið góðgerðafélaga varð snemma að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálf, sem enn er markmið hjá félagsráðgjöfum í dag (Ingibjörg Broddadóttir, 1997).

Fyrstu félagsráðgjafarnir á Íslandi sóttu menntun sína til Norðurlandanna. Þeir komu hingað til lands um 1960 eftir nám erlendis. Fyrst til þess að koma heim var Guðrún Jónsdóttir en hún kom árið 1957 og byrjaði að vinna hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Árið 1960 bættust við þær Margrét Margeirsdóttir og Margrét Steingrímsdóttir. Þær fengu vinnu á geðverndardeild barna á Heilsumiðstöð Reykjavíkur og á Skrifstofu félags- og framsfærslumála hjá Reykjavíkurborg. Kristín Gústavsdóttir kom svo fljótlega á eftir og hóf einnig störf hjá geðverndardeild barna. Þann 19. febrúar 1964 stofnuðu þær fjórar stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa (SÍF), þar sem Margrét Margeirsdóttir tók formannsstöðuna og hinar voru stjórnarmeðlimir. Einna þekktust af íslenskum frumkvöðlum í félagsráðgjöf var Ólafía Jóhannsdóttir, þó hún hefði ekki formlega félagsráðgjafamenntun. Hún bjó með vændiskonum í Noregi og starfaði með þeim. Hún var mikils metin þar og fékk nafngiftina Móðir Theresa í Noregi (Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, 2008).

Þann 15. maí 1975 varð félagsráðgjöf lögvernduð starfs- og fræðigreinin. Samkvæmt 1. gr. laga um félagsráðgjöf hefur sá einn leyfi til þess að kalla sig félagsráðgjafa sem hefur fengið leyfi landlæknis. Brugðist var við þessu því óttast var að þeir sem höfðu ekki klárað nám í félagsráðgjöf færu að sækjast eftir starfinu (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Árið 1985 voru FORSA samtökin stofnuð á Norðurlöndunum og eru það samtökin sem byrjuðu að halda ráðstefnur um rannsóknir í félagsráðgjöf. Slík samtök voru stofnuð á Íslandi árið 2002 og heita ÍS-FORSA (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

1.4.1 Félagsráðgjafanámið.

Árið 1966, þegar verið var að endurskipuleggja félagslega þjónustu í Reykjavík, þá var lagt til að ríkisvaldið myndi hefja kennslu í félagsráðgjöf hér á Íslandi. Einnig var mælt með að þeir einstaklingar sem sóttu félagsráðgjafarnám erlendis fengju námsstyrk til þess. Á sama tíma ræddi yfirlæknirinn á Kleppsspítala skort á félagsráðgjöfum við starfandi félagsráðgjafa hér á landi. Til þess að fjölga í stéttinni var lagt til að félagsráðgjafarnám yrði gert mögulegt á Íslandi. Ekki gerðist þetta þó alveg strax en árin 1978-1979 var boðið upp á félagsráðgjafarnám í Háskóla Íslands og árið 1982 útskrifuðust fyrstu félagsráðgjafarnir á Íslandi frá Háskóla Íslands (Anna S. Jónsdóttir o.fl., 2008).

Námið hélt áfram að þróast. Grunnfög úr félagsvísindadeild voru samnýtt til BA-náms, nemendur þurftu því að velja að ljúka BA-prófi í sálar-, félags- eða uppeldisfræði. Eftir það gátu þeir valið sér nám í félagsráðgjöf, sem var eitt ár og einkenndist af verklegri kennslu undir handleiðslu félagsráðgjafa. Nemendur fengu viðeigandi grunnmenntun í félagsráðgjöf, þó vissulega væru gallar á þessu fyrirkomulagi. Árið 2006 tók við nýtt skipulag á náminu. Námið er nú fimm ár, þrjú ár í grunnnám og tvö ár til að fá MA-gráðu og löggilt starfsréttindi. Ekki er fjöldatakmörkun á grunnnáminu en slíkt fyrirkomulag er á framhaldsnáminu. Haustið 2007 fékk Háskóli Íslands gæðavottun náms í félagsráðgjöf frá ENOASP (European Network for Quality Assurance in Study Programs) og er fyrsti háskólinn til þess að hljóta gæðavottun í félagsráðgjöf. Það þýðir að félagsráðgjafanámið í Háskóla Íslands uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í evrópskum háskólum (Anna S. Jónsdóttir o.fl., 2008).

1.5 Fræðileg líkön

1.5.1 Vistfræðilíkanið.

Vistfræðilíkan (e. ecological model) Bronfenbrenners byggir á því að einstaklingurinn tengist mörgum kerfum sem eru samofin hvert öðru. Þetta líkan er mjög víðtækt og tekur til allra sviða samfélagsins. Það felur í sér þætti tengda einstaklingum, fjölskyldu, félagslegu umhverfi og menningu. Bronfenbrenner talar um að samfélagið sé byggt upp af mörgum kerfum sem eru flókin og hafa mótandi áhrif á þroska einstaklingsins. Hann segir að líffræðilegir þættir og umhverfi móti saman þroska og þróun einstaklingsins. Kenningin gengur út á það að víxlverkunaráhrif séu á milli einstaklingsins og umhverfis hans. Einstaklingurinn og umhverfið

hafa áhrif á hvort annað og bæði geta mótað og í sumum tilfellum breytt hvort öðru. Vistfræðikenning hans lítur á umhverfið sem röð af föstum punktum í lífi hvers og eins, þar sem fólk eyðir tíma hversdagsins. Markmið kenningarinnar er að aðstoða einstaklinginn við að aðlagast breyttum aðstæðum án þess að glata eigin uppruna. Einnig að auka skilning hans á því hvernig umhverfið í kringum hann virkar. Þegar félagsráðgjafi vinnur með einstakling út frá vistfræðikenningunni getur verið gott að skoða hvernig einstaklingurinn er í sínu nánasta umhverfi. Jafnvægi þarf að vera þarna á milli. Ef það er ekki til staðar þá þarf mögulega að breyta einstaklingnum eða umhverfinu. Þegar jafnvægið er orðið gott fer einstaklingurinn í það að aðlagast virkum breytingum í lífi sínu (Berk, 2009).

Bronfenbrenner greinir vistfræðina í þrjú svið. Míkró (e. micro), makró (e. macro) og mesó (e. mezzo). Míkró kerfið er minnst og er það á stigi einstaklingsins. Míkrósviðið er innsta lag samfélagsins og á því sviði eru öll samskipti gagnvirk (Berk, 2009). Vinna félagsráðgjafa á því stigi einkennist helst af áherslu á einstaklinginn sjálfan og þá sálrænu, líffræðilegu og félagslegu þætti sem hafa áhrif á hegðun hans. Hann hjálpar einstaklingnum að finna lausn á ákveðnum vanda með því að efla og styðja við félagslega virkni hans (Farley o.fl., 2006). Mesó kerfi eru stærri en míkró kerfin. Þá er félagsráðgjafinn að vinna með litla hópa fólks; fjölskyldu, samstarfsaðila, vini og þess háttar (Farley o.fl., 2006). Mesó sviðið fjallar helst um tengingar sem eiga sér stað á míkró sviðinu. Þar getur til að mynda vinnustaður haft áhrif á heimilið og heimilið sömuleiðis á vinnustaðinn (Berk, 2009). Makró kerfin eru stærst af kerfunum og þar eru samfélög, stærri hópar, stofnanir, menning og samtök. Aðferð sem félagsráðgjafi gæti stuðst við þar væri samfélagsvinna (Farley o.fl., 2006). Í makró kerfinu er ekkert áþreifanlegt heldur spannar það lög, reglur og gildi samfélagsins. Fólk finnur fyrir meiri stuðningi ef samfélagið leggur mikla áherslu á þarfir borgaranna. Samfélagið er síbreytilegt og aðstæður fólks einnig stöðugt að breytast (Berk, 2009).

1.5.2 Líkan Andrew M. Dobelstein.

Andrew M. Dobelstein hefur verið prófessor við University of North Carolina síðan 1968. Dobelstein kennir félagsmálastefnur og hefur hann gert rannsóknir og sett fram líkan á því sviði. Hann hefur gefið út átta bækur um félagsmálastefnur og hafa þær verið notaðar sem kennslubækur, meðal annars (North Carolina Community Action Assosiation, e.d.).

Dobelstein hannaði líkan fyrir stefnugreiningu félagslegra vandamála. Hann talaði um fjögur mikilvæg atriði þess, en þau voru:

1. Að greina, skilja eða skýra vandamálið.
2. Að taka ákvarðanir út frá staðsetningu vandamálsins.
3. Að tilgreina mögulegar lausnir á vandamálinu og leyfa viðkomandi að velja úr.
4. Að meta hvaða áhrif lausnirnar geta haft á mismunandi stofnanir eða samfélög.

Dobelstein fjallaði einnig um þrjár leiðir til að móta ákveðna félagsmálastefnu í dreifbýli. Hann leggur þó aðaláherslu á aldraða í dreifbýli en þetta gengur þó einnig yfir aðra hópa. Hann nefnir að til eru mismunandi leiðir til þess að leysa ákveðin félagsleg vandamál. Hver aðferð hefur sína kosti og galla. Fyrsta aðferðin sem Dobelstein fjallar um er atferli eða skynsamleg nálgun. Þá byrjar framleiðandinn með ákveðið vandamál og finnur út ólíkar leiðir til þess að leysa það. Hagkvæmasta, skilvirkasta og árangursríkasta aðferðin er valin og þær stefnur sem passa við valið eru hannaðar út frá því. Vandamálið er þó að gert er ráð fyrir að við vitum nákvæmlega hver félagslegi vandinn er. Önnur aðferðin byggist á að vera meðvitaður um takmarkanir sem geta myndast þegar verið er að mynda stefnu. Nauðsynlegt sé að byrja hægt og meta svo framhaldið. Þriðja aðferð Dobelsteins leggur áherslu á viðmið og gildi. Markmiðin sem ætluð eru byggjast á gildum og mikilvægi þeirra (Ginsberg, 1999).

Samkvæmt Dobelstein er mikilvægt að vera meðvitaður um hvar einstaklingurinn er staddur þegar félagsleg vandamál eru metin. Taka þarf tillit til umhverfis og aðstæðna og þá hvar einstaklingurinn er staðsettur. Einfaldleiki samfélags sem og fjölbreytileiki samfélags getur haft áhrif á einstaklinginn. Dobelstein telur nauðsynlegt að einstaklingurinn fái að taka þátt í að ákveða næsta skref í máli sínu. Lausnir á vandamálinu skulu vera kynntar fyrir honum og einstaklingurinn velur sjálfur hvað hann telji að henti best fyrir sig. Einnig þarf að meta hvaða áhrif lausnir vandamála geta haft á samfélagið sjálft og íbúa þess hvort sem það er í dreifbýli eða þéttbýli (Ginsberg, 1999).

2 Hlutverk, markmið og vinnuaðferðir félagsráðgjafa

Hér verður gerð grein fyrir hvað félagsráðgjöf er. Helstu hlutverkum, hvað felst í starfinu, hvaða aðferðum félagsráðgjafar vinna eftir og hvaða skyldum þeim ber að gegna. Farið verður yfir helstu markmið og tilgang félagsráðgjafar. Einnig verða tekin dæmi um vinnuaðferðir í félagsráðgjöf.

2.1 Hlutverk

Farley og félagar (2006) skilgreina félagsráðgjöf sem hagnýt vísindi er hafa áhrif á samfélagslegar breytingar til þess að bæta velferð einstaklingsins og hjálpa honum að ná árangri. Félagsráðgjöf reynir að ná fram helstu styrkleikum einstaklingsins, hópa og samfélagsins. Tilgangur fagsins er að koma í veg fyrir slæmar aðstæður eða bæta þær aðstæður sem hafa neikvæð áhrif á heilbrigð sambönd milli einstaklingsins og fjölskyldu hans. Markmiðið er að reyna að leysa vandamál sem eiga sér stað, eða að minnsta kosti að reyna að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Félagsráðgjafar starfa við hinar ýmsu aðstæður með ólíkum einstaklingum sem hafa mismunandi vandamál. Þeir hafa tæki í höndunum sem er mjög mikilvægt og það hafa þeir fram yfir margar aðrar stéttir. Þeir eru næmir fyrir líðan og ástandi fólks og eru því mikilvægir hlekkir í hverju samfélagi (Madden og Wayne, 2003). Félagsráðgjafar vinna aðallega við meðferð og þjónustu í þágu skjólstæðinga, einkum á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu og í mennta- og dómskerfi. Þeir starfa einnig við stjórnunar- og skipulagsstörf og einhverjir starfa sjálfstætt. Þar að auki sinna þeir forvörnum, fræðslu og félagslegum úrbótum. Félagsráðgjafar þróa ný úrræði fyrir skjólstæðinga sína og leiðbeina hverjum sem er um réttindi sín, jafnvel þeim sem hafa komist í kast við lögin (Alcock og Harris, 1982).

Markmið félagsráðgjafa er fyrst og fremst að hjálpa fólki til sjálfshjálpar, koma í veg fyrir allt ranglæti og hjálpa einstaklingnum að vinna á lausn allra vandamála, bæði félagslegra og persónulegra. Einnig að tengja einstaklinginn við stuðningskerfi sem hann þarf á að halda. Grunnur starfsins byggist á virðingu, að sjá sérstöðu hvers og eins og hafa trú á einstaklingnum til þess að nota styrkleika sína og hæfileika eins vel og mögulegt er (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Frumskyldur félagsráðgjafa er að rækja starf sitt alltaf án manngreinarálits, virða sjálfsákvörðunarrétt hvers einstaklings, virða þagnarskylduna og

ávallt að upplýsa skjólstæðing um réttindi hans. Félagráðgjafar vinna gegn öllum mannréttindabrotum, burt séð frá því hvar þau eiga sér stað og hvern þau eiga við (Landlæknisembættið, e.d.).

Félagráðgjafi gegnir mörgum mismunandi hlutverkum og því getur oft verið erfitt að útskýra fyrir almenningi hvað starfið feli í sér. Félagráðgjafi hefur verið talinn vera sáttasemjari, milligöngumaður, sá sem virkjar einstaklinginn, sá sem stjórnar og gerir kleift. Hann framkvæmir, kennir, leiðbeinir, styður, hvetur og miðlar. Einnig er félagráðgjafinn sá sem einblínr á styrkleika einstaklingsins og hjálpar honum að vaxa og þroska hæfileika sína (Farley o.fl. 2006).

2.2 Vinnuaðferðir

Hvort sem verið er að vinna með einstaklinga eða fjölskyldur, þá hafa margar vinnuaðferðir verið þróaðar. Í dag er ekki einblínt á útfærslu einnar kenningar heldur er lögð áhersla á að beita þeirri vinnuaðferð sem við á í hverju máli fyrir sig. Frá upphafi fagsins hefur félagráðgjafastarfið byggt á heildarsýn. Þegar félagráðgjafar reyna að bæta lífshjör einstaklinga, hópa og samfélaga, þá horfa þeir bæði á einstaklinginn og umhverfið. Fagið býr yfir mörgum starfsaðferðum og fjölbrettum þekkingargrunni. Með heildarsýnina í huga beita félagráðgjafar þeirri aðferð að hjálpa einstaklingnum til sjálfshjálpar. Félagráðgjafinn hjálpar skjólstæðingnum að vinna úr persónulegum hindrunum og að auka þroska sinn. Þetta gerist með góðu meðferðarsambandi á milli fagaðila og skjólstæðings. Félagráðgjafinn hefur það að leiðarljósi að hver skjólstæðingur hefur þarfir og væntingar og því verður hann að sýna samhygð með einstaklingnum (Farley o.fl., 2006).

Félagsleg aðstoð er sú aðferð sem félagráðgjafar beita í starfi sínu hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Félagsaðstoð, hópvinna og samfélagsvinna hafa oft verið nefndir þrír meginþættir félagráðgjafar. Félagsaðstoð kemur að almennri vellíðan fólks. Tekið er tillit til líkamlegra, andlegra, tilfinningalegra, geðrænna, félagslegra og fjárhagslegra þarfa. Allt er gert til þess að aðstoða einstaklinginn á einhvern hátt og er félagráðgjafinn fær til þess að veita slíka aðstoð (Farley o.fl., 2006). Notast er við klíniska félagráðgjöf en hún er afleiðing af því sem áður kallaðist „Social Casework“. Hún hefur það að markmiði að bæta og viðhalda sálfélaglegri virkni einstaklinga og fjölskyldna. Notast er við kenningar og aðferðir til þess að koma í veg fyrir sálfélaglega óvirkni. Í klínískri félagráðgjöf eru einstaklingurinn og hans

vandamál miðpunkturinn og hefur félagsráðgjafinn bein afskipti af þeim. Dæmi um aðferðir í klínískri félagsráðgjöf er sálfélagslega módelið (e. The Psychosocial model). Það er byggt á vinnu Gordon Hamilton og starfmannanna hans og er það eitt af fyrstu módelum sem notuð voru árið 1920. Aðferð við lausn vandans (e. The Problem solving method) kom fram árið 1957 og má vísa til Perlman. Í þessari aðferð á persónan sjálf að skilgreina vandamálið og leita lausnar. Atferlismódelið (e. The Behavioral model) kemur inn í félagsráðgjöf árið 1960 en það á rætur að rekja til Pavlovs og Skinners. Það felur í sér að slæm hegðun sé lærd í gegnum skilyrðingu (Farley o.fl., 2006).

Hópavinna er aðferð sem notuð er til þess að hjálpa einstaklingnum að ná settum markmiðum og bæta lífskjör sín. Hópur er þegar tveir eða fleiri einstaklingar hittast og tengjast á einn eða annan hátt með þann tilgang að ná markmiðum sínum. Fólk er félagslynt og því fyrr sem einstaklingurinn skilur sjálfan sig, því fyrr skilur hann hópinn og samfélagið í kringum sig. Hlutverk félagsráðgjafans er að sjá um allan undirbúning hópavinnunnar, plana hópana og setja upp dagskrána. Nauðsynlegt er að félagsráðgjafinn hafi þekkingu á því sviði sem hópavinnan snýst um og mikilvægt er að hann geri sér grein fyrir að hann er ábyrgur fyrir hverjum einstaklingi í hópnum (Farley o.fl., 2006).

Samfélagsvinna er aðferð þar sem einstaklingur, hópar og samtök vinna sameiginlega að því að hafa áhrif á félagsleg vandamál (Poppo, 1995). Tilgangur samfélagsvinnu er að stuðla að breyttum og bættum aðstæðum í þjóðfélaginu. Félagsráðgjafinn verður að greina samfélagið og meta út frá því hvernig best sé að takast á við vandann. Hlutverk hans er að hjálpa fólkinu í samfélaginu að styrkja getu sína til þess að vinna úr þeim félagslega vanda sem á sér stað. Hugsunin á bakvið þetta er að sá hópur sem upplifir vandamálið sé einnig hæfastur til þess að leysa það (Farley o.fl., 2006). Grundvallarregla í samfélagsvinnu er að taka samfélaginu eins og það er, sama hvar það er staðsett. Allir íbúar samfélagsins eiga rétt á sömu þjónustu þegar kemur að heilsu og velferð þeirra (Poppo, 1995).

3 Félagsþjónusta sveitarfélaga

Hér verður gerð grein fyrir sögu félagsþjónustu sveitarfélaga. Hvernig hlutirnir voru áður en hún varð til og farið yfir hvernig þróunin varð í félagsþjónustu. Gerð verður grein fyrir fjölda sveitarfélaga á Íslandi sem og fjölda félagsþjónusta. Farið verður yfir hversu mörg sveitarfélög eru á bakvið hverja félagsþjónustu og hversu margir félagsráðgjafar starfa í hverri félagsþjónustu.

3.1 Saga félagsþjónustu sveitarfélaga

Samkvæmt Friedlander er félagsþjónusta skipulagt kerfi sem er hannað til að hjálpa bæði einstaklingum og hópum við að efla hæfileika sína og andlega heilsu í takt við þarfir fjölskyldunnar og samfélagsins. Einnig er félagsþjónustan hjálpartæki fyrir einstaklinginn til að öðlast ánægjulega staðla í lífinu og styrkja félagsleg tengsl. Long og Holle telja félagsþjónustuna vera nauðsynlega þegar kemur að félagslegri byggingu samfélags. Þeim finnst samfélagið einnig vera ábyrgt fyrir aðstæðum hvers og eins einstaklings (Farley o.fl., 2006).

Frá upphafi byggðar Íslands hafa sveitarfélögin verið lykileiningar í stjórnskipan okkar (Bjarni Jónsson, Jón Gauti Jónsson og Þröstur Sigurðsson, 1998). Sveitarfélögin hafa séð um félagslega aðstoð og segja má að það hafi verið þeirra stærsta verkefni frá upphafi. Árið 1834 var sérstök fátæktarreglugerð sett á Íslandi og með tilkomu hennar var framfærsluskylda fjölskyldna á afkomendum sínum takmörkuð við beinan legg. (Ingibjörg Broddadóttir, 1997). Í flestum nágrennalöndum okkar var það kirkjan sem byrjaði að aðstoða fátæka en ekki sveitarfélögin eins og á Íslandi. Félagsráðgjöf á Íslandi á rætur sínar að rekja til þeirrar starfssemi (Anna S. Jónsdóttir o.fl., 2008). Árið 1907 tóku í gildi fátækralög og sveitarstjórnarlög á Íslandi. Síðar tóku framfærslulög gildi, eða árið 1935. Ný framfærslulög voru síðan sett árið 1947 og giltu þau til 1991 (Ingibjörg Broddadóttir, 1997).

Á Íslandi var sveitafesti lengi í lögum en þá var það fæðingarsveitarfélag hvers einstaklings sem réði því hvaða sveitarfélag bar ábyrgð á framfærsluskyldu hvers og eins. Segja má að þannig hafi þetta verið, en þó með nokkrum breytingum, þangað til lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru lögfest árið 1991 (Ingibjörg Broddadóttir, 1997). Markmið laganna var að hvert sveitarfélag myndi tryggja félagslegt og fjárhagsleg öryggi íbúanna sem og að stuðla að

velferð þeirra. Þetta skyldi gert með því að bæta lífsskjör þeirra sem á þurftu að halda, veita börnum og unglingum þroskvænleg uppeldisskilyrði, hjálpa íbúunum að stunda sína vinnu og lifa eðlilegu lífi og einnig að koma í veg fyrir félagsleg vandamál með inngripi. Meginmarkmiðið var að tryggja hverjum og einum íbúa öryggi og hvetja alla til ábyrgðar á sjálfum sér sem og öðrum. Sú þjónusta sem er í boði er félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimþjónusta, þjónusta við börn og unglunga, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlaða, félagslegt leiguhúsnæði og aðstoð við áfengissjúka og vímuegja. Einungis félagsráðgjafar geta veitt félagslega ráðgjöf (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991).

Félagsþjónusta sveitarfélaga fellur undir Velferðaráðuneytið og er hlutverk þess að fylgjast með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu. Sveitarfélögin geta sett sínar eigin reglur um hvernig þau ætla að hafa félagsþjónustu sína en þó innan ramma laganna (Velferðaráðuneytið, e.d.). Halldór S. Guðmundsson (2001) telur óhætt að fullyrða að félagsþjónustan á Íslandi sé að vaxa og taka miklum breytingum. Þar spila félagsráðgjafar stórt og faglegt hlutverk.

3.2 Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd er sú nefnd sem er á bak við mál sem tengjast félagsþjónustu í sveitarfélögunum, svo sem húsnæðismál, barna- og ungmennavernd og málefni fatlaðra (Alþingi, e.d.). Í hverju sveitarfélagi eru einstaklingar kosnir í félagsmálanefnd. Samkvæmt 5. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skal sveitarstjórn kjósa að minnsta kosti þrjá einstaklinga í félagsmálanefnd. Ef nefndin á að sjá um barnaverndarmál skulu nefndarmenn vera að minnsta kosti fimm (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, 1991). Hlutverk félagsmálanefndar er til að mynda að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um félagsþjónustuna, veita þeim ráðgjöf, stuðla að forvörnum, koma með tillögur, hafa yfirsýn og fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustunnar í samræmi við reglur er gilda í hverju sveitarfélagi. Ef félagsmálanefnd kemur að þeim málum er varða félagsþjónustu, skal nefndin bera hagsmuni hvers íbúa fyrir brjósti og virða þagnarskyldu (Bjarni Jónsson o.fl., 1998).

Í hverju sveitarfélagi er skipuð félagsmálanefnd eða samskonar nefnd. Tiltekin mál eru lögð fyrir nefndina og tekur hún lokaákvörðun um málin, þó í samráði við félagsmálastjóra og aðra starfsmenn teymisins ef þeir eru til staðar. Á þjónustumiðstöðvum í Reykjavík, sem og í

barnavernd Reykjavíkur, fara fagleg teymi með lokaákvæðanir í flestum málum. Í minnstu sveitarfélögunum gætu öll mál verið lögð fyrir félagsmálanefnd. Þennan mun á milli höfuðborgar og landsbyggðar er áhugavert að skoða. Farley og félagar (2006) tala um að félagsráðgjafinn á landsbyggðinni sé sjálfstæðari og vinni undir minna eftirliti en félagsráðgjafinn á höfuðborgarsvæðinu. Segja má þó að þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaklingsmálum geti félagsráðgjafinn á landsbyggðinni mögulega ekki verið eins sjálfstæður, því félagsmálanefnd getur tekur lokaákvörðun þar í öllum málum. Vissulega hefur teymið á landsbyggðinni áhrif á ákvarðanatöku félagsmálanefndar og í sumum sveitarfélögum hafa starfsmenn leyfi til að taka ákvæðanir um sum mál. Félagsráðgjafarnir leggja málið fyrir nefndina og koma með tillögur. Nefndin tekur síðan tillit til þeirra úrræða sem teymi félagsþjónustunnar leggur fyrir.

3.3 Sveitarfélög á Íslandi

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað af 52 sveitarfélögum þann 11. júní árið 1945. Öll sveitarfélög á Íslandi höfðu gengið í sambandið árið 1973. Markmið sambandsins er að efla samstarf sveitarfélaganna og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga er fulltrúi allra sveitarfélaga gegn ríkinu (Bjarni Jónsson o.fl., 1998).

Sveitarfélögum á Íslandi hefur farið ört fækkandi. Árið 1950 voru 229 sveitarfélög á Íslandi, árið 2007 hafði þeim fækkað í 79 og í dag eru þau 76. Fámennasta sveitarfélagið er Árneshreppur með 50 íbúa og það fjölmennasta er Reykjavík með 118.497 íbúa (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.). Ástæðan fyrir að sveitarfélögunum hefur fækkað er að einhver hafa verið sameinuð til þess að koma til móts við væntingar íbúa um lágmarkspjónustu sem á að vera í hverju sveitarfélagi fyrir sig (Ingibjörg Broddadóttir, 1997). Fyrir 76 sveitarfélög á Íslandi eru 35 félagsþjónustur sem þýðir að nokkur sveitarfélög deila sömu félagsþjónustunni (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.). Stærstu sveitarfélögin á Íslandi hafa tækifæri á að hafa félagsþjónustuna fullnægjandi. Þau hafa fjármagn til að koma á úrræðum og ráða starfsfólk á meðan önnur sveitarfélög geta það ekki. Stærri sveitarfélögin hafa tækifæri á að veita betri þjónustu og útgjöld á hvern íbúa er miklu meiri þar heldur en í minni sveitarfélögum (Guðný Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Steinunn Hrafnsdóttir, 1997). „Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar skal rétti sveitarfélaga til þess að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstjórnarinnar skipað með lögum. Eru

sveitarstjórnarlög á hverjum tíma sett með hliðsjón af þessu ákvæði“ (Bjarni Jónsson o.fl., 1998, bls. 18).

Tafla 1: Félagsþjónustur á Íslandi, íbúafjöldi á bakvið hverja þjónustu, fjöldi félagsráðgjafa með starfsréttindi og fjöldi ráðgjafa á hverri félagsþjónustu.

Félagsþjónustur á Íslandi	Íbúafjöldi	Starfsréttindi/ráðgjafar
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar (Sex þjónustumiðstöðvar og Barnavernd)	118.497	89/13
Félagsþjónusta Kópavogs	30.697	12/7
Félagsþjónusta Seltjarnarnes	4.327	3/1
Félagsþjónusta Garðabæjar	10.895	4/0
Félagsþjónusta Hafnarfjarðar	26.045	14/1
Velferðar og skólasvið Álftaness	2.479	1/0
Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar	8.871	5/0
Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	4.298	2/2
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar	13.933	9/0
Skóla- og félagskrifstofa Grindavíkurbæjar	2.821	1/0
Félagsþjónusta Akraness	6.600	5/0
Félagsþjónusta Borgarbyggðar (Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð)	4.228	2/0
Félagsþjónusta Hvalfjarðarsveitar	617	1/0
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur)	3.926	0/2
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar	3.816	1/2
Félagsþjónustan við Djúp (Bolungarvík og Súðavík)	1.081	1/0
Félagsþjónusta Vesturbyggðar	891	0/1
Félagsþjónusta Húnaþings vestra (Húnaþing vestra, Bæjarhreppur og Strandabyggð)	1.721	1/0
Félags- og skólaþjónusta A-Húnavetninga (Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagaströnd og Skagabyggð)	1.955	0/2
Fjölskylduþjónusta Skagfirðinga (Skagafjörður og Akrahreppur)	4.305	3/0

Félagsþjónusta Fjallabyggðar	2.037	0/3
Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar (Akureyri, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur)	18.451	7/3
Búsetudeild Akureyrarbæjar	17.728	1/0
Félagsþjónusta Norðurþings (Norðurþing, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Langanesbyggð)	5.215	1/3
Félagsþjónusta Dalvíkurbyggðar	1.958	0/1
Fræðslu- og félagssvið Hornafjarðar	2.116	1/0
Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs (Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðahreppur, Djúpavogshreppur, Vopnafjarðahreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður)	5.412	2/1
Félagsþjónusta Fjarðarbyggðar (Fjarðarbyggð og Breiðdalshreppur)	4.778	2/1
Fjölskyldumiðstöð Árborgar	7.818	7/0
Félagsþjónusta uppsveita Árnessýslu og Flóa (Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð og Flóahreppur)	3.231	2/0
Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar	4.133	3/1
Félagsþjónusta Rangárvalla- og Skaftafellssýslu (Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur og Ásahreppur)	4.398	2/0
Félagsþjónustan Ölfus	1.909	1/0
Félagsþjónusta Hveragerðisbæjar	2.317	1/1
Félagsþjónusta Strandabyggðar (Strandabyggð, Reykhólahreppur, Árneshreppur og Kaldarneshreppur)	937	0/1

(Upplýsingaveita, e.d.; munnlegar heimildir frá félagsmálastjórum hvers sveitarfélags)

Notast var við upplýsingaveitu Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að fá vitneskju um íbúafjölda hvers sveitarfélags. Til þess að fá upplýsingar um fjölda félagsráðgjafa á hverri félagsþjónustu var sendur tölvupóstur á félagsmálastjóra hvernar félagsþjónustu. Fellur þessi fjöldi undir starfsmenn er sinna öllum málum félagsþjónustu sveitarfélaga, nema málefnum

fatlaðra. Eins og sést á töflu 1 þá tilheyra mörg sveitarfélög einni félagsþjónustu á sumum stöðum landsins. Á sex félagsþjónustum úti á landi var engin sem starfaði í félagsþjónustunni með starfsréttindi í félagsráðgjöf. Þeir sem starfa sem félagsmálastjórar þar og einnig þeir sem eru að sinna ráðgjafastörfunum eru þá annaðhvort eingöngu með BA-próf í félagsráðgjöf eða aðra menntun. Algengasta menntunin sem ráðgjafarnir höfðu, fyrir utan BA-próf í félagsráðgjöf, var þroskaþjálfun, sálfræði, félagsfræði og uppeldis- og menntunarfræði.

Á fimm félagsþjónustum á landsbyggðinni er einn félagsráðgjafi með starfsréttindi og vinnur hann þar ásamt 1-3 ráðgjöfum. Einnig eru fimm félagsþjónustur á landsbyggðinni þar sem félagsráðgjafinn er einyrki. Þá hefur hann ekki aðra félagsráðgjafa eða ráðgjafa sér til aðstoðar heldur sinnir félagsþjónustunni einn. Á öllu landinu eru starfandi 173 félagsráðgjafar með starfsréttindi hjá félagsþjónustum sveitarfélaga og 42 ráðgjafar. Af þeim starfa 128 félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu og 45 á landsbyggðinni. Ráðgjafastarfið skiptist jafnt á milli en þeir eru 21 á höfuðborgarsvæðinu og 21 úti á landi. Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu er 202.168 en 116.050 íbúar búa fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Eðlilegt þykir að fleiri félagsráðgjafar starfi á höfuðborgarsvæðinu sökum þess að fleiri búa þar og þar eru flest úrræði. Hins vegar er ljóst að hlutfallslega fleiri ráðgjafar starfa á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni. Það sýnir að meira er um að einstaklingar sem ekki eru með starfsréttindi í félagsráðgjöf séu ráðnir á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu.

3.3.1 Úr sveit í borg.

Vegna mismunandi stærðar sveitarfélaga geta þau ekki öll sinnt þeim verkefnum sem þau eiga að vera að sinna samkvæmt lögum. Staðreyndin er sú að kröfur íbúanna um ákveðna þjónustu verða ávallt meiri en sveitarfélagið ræður við. Undanfarin ár hefur fólki í dreifbýli verið að fækka á Íslandi og fjöldi fólks í þéttbýli að aukast. Fólk hefur verið að flytjast úr landbúnaðarhéruðum og frá landsbyggðinni yfir í þéttbýlið (Bjarni Jónsson o.fl., 1998). Þannig var þetta alla 20. öldina og hafa þessir fólksflutningar átt það til að lama mannlífið í dreifbýlunum (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 1992). Aðalástæðan fyrir því er að betri og fjölbreyttari tækifæri er að finna í þéttbýlinu heldur en í dreifbýlinu. Fjölmennari

þéttbýlisstöðum hefur því verið að vegna betur en þeim fámennari (Benedikt Jóhannesson, 2006).

Tafla 2: Íbúafjöldi eftir landssvæðum 1995 og 2004

Svæði	1995	2004	Breyting
Höfuðborgarsvæðið	158.597	183.990	16,0%
Reykjanes	15.634	17.092	9,3%
Vesturland	14.154	14.418	1,9%
Vestfirðir	9.018	7.698	-14,6%
Norðurland vestra	10.208	8.984	-12,0%
Norðurland eystra	26.664	26.881	0,8%
Austurland	12.780	12.435	-2,7%
Suðurland	20.754	21.793	5,0%

(Benedikt Jóhannesson, 2006, bls. 2)

Á töflu 2 sést að fólki hefur fækkað eða fólksfjöldi staðið í stað á öllum svæðum landsbyggðarinnar nema á þeim stöðum sem eru næst höfuðborginni (Benedikt Jóhannesson, 2006).

3.3.2 Byggðavandi.

Byggðavandi er gjarnan skilgreindur sem það „ójafnvægi sem verður á byggð í landinu vegna fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins“ (Bjarni Jónsson o.fl., 1998, bls. 22). Þessi byggðavandi er ekki einungis vandamál landsbyggðarinnar heldur einnig höfuðborgarinnar. Benedikt Jóhannesson (2006) nefnir að athyglisvert sé að litið sé á byggðamálin sem ákveðið vandamál. Hann telur að fólk eigi að geta flutt á milli staða án allra hindrana og nefnir að það sé grundvallaratriði stórra efnahagsheilda. Eitt af helstu markmiðum Evrópusambandsins er að koma í veg fyrir fólksfækkun á strjálbýlustu svæðunum. Reykjavík þarf á landsbyggðinni að halda og landsbyggðin getur heldur ekki verið án borgarinnar. Fólk ætti því frekar að reyna að finna sameiginlegar lausnir á vandanum í stað þess að eyða tíma sínum í að halda því fram að höfuðborgin taki allt til sín. Ein lausn á vandanum væri að auka fjölbreytileika

atvinnulífsins og fjölga störfum fyrir menntað fólk á landsbyggðinni (Bjarni Jónsson o.fl., 1998).

Tafla 3: Tekjur eftir svæðum 1999 og 2004

Svæði	1999	2004	Breyting
Höfuðborgarsvæðið	105,1	106,8	1,6%
Reykjanes	101,8	92,2	-9,4%
Vesturland	93,3	91,2	-2,3%
Vestfirðir	93,8	86,3	-8,0%
Norðurland vestra	86,6	83,1	-4,0%
Norðurland eystra	92,2	90,5	-1,8%
Austurland	91,1	94,3	3,5%
Suðurland	87,8	84,1	-4,2%

(Benedikt Jóhannesson, 2006, bls. 2)

Í töflu 3 eru meðallaun borin saman eftir landssvæðum á landinu. Ástæða þess að fólk leitar annað og þá sérstaklega í höfuðborgina er sökum lágra launa á landsbyggðinni og sýnir taflan að sú er raunin (Benedikt Jóhannesson, 2006).

4 Félagsráðgjöf í dreifbýli

Hér verður gerð grein fyrir starfi félagsráðgjafa á landsbyggðinni. Farið verður yfir hversu ólíkt starfið getur verið frá starfi félagsráðgjafans á höfuðborgarsvæðinu, með tilliti til þess að lítil sem engin sérhæfing er í starfinu og nándin mikil sökum smæðar samfélagsins. Fjallað verður um kosti og galla þess og einnig verður farið yfir tvöfalda hlutverkið sem félagsráðgjafinn þar þarf að glíma við.

4.1 Dreifbýlisfélagsráðgjöf í Bandaríkjunum

Á dreifbýlissvæðum Bandaríkjanna er mikil þörf á félagsráðgjöf. Dreifbýlisbúar þar eru að glíma við harkalegri og alvarlegri vandamál heldur en bogarbúar (Farley o.fl., 2006). Upphaf félagsráðgjafar á dreifbýlissvæðum í Bandaríkjunum má rekja til þess þegar Roosevelt Bandaríkjaforseti setti saman nefndina „Country Life“ árið 1908. Markmið nefndarinnar var að virkja menningu og atvinnulíf á dreifbýlissvæðum Bandaríkjanna. Á 6. Áratugnum, og meðan á seinni heimstyrjöldinni stóð, dvínaði áhuginn á félagsráðgjöf í dreifbýli. Seint á 7. áratugnum vaknaði áhugi fólks fyrir því aftur. Sá áhugi kom í kjölfar heimspekinnar „stríð gegn fátækt“, sem og með áherslu á mikilvægi félagsráðgjafastarfsins frá mönnum eins og Leon Ginsberg. Á árlegri ráðstefnum um félagsráðgjafamenntun flutti hann mikla ræðu um dreifbýlisfélagsráðgjöf. Í kjölfar þess var blaðið „Human Services in the Rural Environment“ gefið út árið 1976 á vegum „University of Wisconsin“ (Farley o.fl., 2006).

Í Bandaríkjunum er meiri fátækt, meira atvinnuleysi og lægri tekjur á landsbyggðarsvæðunum heldur en þar sem er þéttbýlt. Félagsráðgjafafélagið í Bandaríkjunum (NASW - National Association of Social Workers e.d.) telur nauðsynlegt að styðja þróun félagsráðgjafar á landsbyggðinni áfram og hvetja fólk og starfsmenn að vera áfram í dreifbýli. Algengari vandamál í Bandaríkjunum á landsbyggðinni, heldur en á stórborgarsvæðum, eru til að mynda fátækt, skortur á góðu húsnæði og slæm heilsa. Í Bandaríkjunum er það nokkuð algengt að þeir sem sinna starfi félagsráðgjafa á landsbyggðinni séu ekki með félagsráðgjafamenntun. Reynslan hefur sýnt að þeir félagsráðgjafar sem starfað hafa í þéttbýli eiga erfiðara með að aðlagast aðstæðum dreifbýlisins og þurfa að temja sér starfsaðferðir eftir því. Einnig finnst félagsráðgjöfum erfitt

að takast á við vandamál fólks sem að flytur frá landsbyggðinni í borgina (NASW Policy Statement, e.d.).

Í Bandaríkjunum eru minni líkur á að vinnuveitendur í dreifbýli fái sjúkratryggingar heldur enn í þéttbýli. Þar að auki er aðgangur að allri heilbrigðisþjónustu og sérfræðingum í þeim geira mjög takmarkaður. Erfitt getur verið að mæta þörfum þeirra sem þurfa sérstaka aðstoð, hún er yfirleitt ekki í boði nema á þéttbýlu svæðunum (Friedman, 2003). Bandarísk stofnun „National Center for Social Policy and Practice“ stóð fyrir rannsókn sem leiddi í ljós að töluverður skortur er á sérfræðingum á dreifbýlissvæðum í Ameríku og einnig hversu erfitt er fyrir dreifbýlisbúa að fá þjónustu. Auk þess að vanta sérfræðinga á svæðið þá eru dreifbýlisbúar undir mikill streitu. Stöðugur fólksflutningur er frá svæðunum og eftir standa íbúarnir félagslega niðurbrotnir (Farley o.fl., 2006). Ronnby (1992) telur fólksflutninginn vera sökum smæðar samfélagsins og skorti á atvinnutækifærum. Þá flytur yngra fólkið í burtu og út frá því koma fjárhags- og félagsleg vandamál. Þegar unga fólkið fer þá er ekki mikið um endurnýjun á stöðunum og sjarmi bæjarins glatast. Ronnby telur einnig að yfirvöld hafi lítinn sem engan áhuga á félagsþjónustunni. Jafnframt séu yfirvöld ekki mikið að spá í það hvernig félagsráðgjafanum á svæðinu líði við að fást við erfið mál hjá einstaklingum sem hann þekkir til. Hann nefnir að það eina sem yfirvöld hugsa um séu peningar; ef þeir hafa áhuga á einhverju þá sé það hvernig hægt sé að draga úr kostnaði (Ronnby, 1992).

Þau dreifbýli, sem staðsett eru næst þéttbýli, hafa strax betri aðgang að félagslegri þjónustu og frekari atvinnutækifærum heldur en þau sem eru lengra frá. Atvinnutækifæri í dreifbýlissamfélögum eru ekki eins mörg og á þéttbýlissvæðum Bandaríkjanna. Þar er tala fjölda menntaðra einstaklinga einnig lægri, sem gerir það enn erfiðara fyrir þá að fá sæmilegt starf. Því lifa margir enn við fátækt á dreifbýlissvæðum þrátt fyrir að vera jafnvel í tveimur eða fleiri störfum (Friedman, 2003). Human og Windle telja að dreifbýlissvæði séu oft ekki mikið að leggja áherslu á áætlanagerðir, því það er flóknara að safna saman nýjum upplýsingum og búa til áætlanagerð, sem er sérstaklega gerð fyrir dreifbýlissvæðin, heldur en að treysta á þéttbýlisfyrirmyndir, sem er bæði hagsýnna og töluvert auðveldara (Farley o.fl., 2006).

Ruff heldur því fram að sum dreifbýlissamfélög í Bandaríkjunum hafi sameinað dreifbýli og þéttbýli (rural og urban) í „Rurban“, eða samfélag sem er blanda af báðum. Til að mynda skilgreinir bandaríska manntalsskrifstofan dreifbýli sem samfélag með 2.500 íbúa eða færri.

Ruff vill þá meina að Rurban væri á bilinu 2.500-10.000 íbúar. Einnig breytist Rurban samfélagið frá því að vera töluvert einangrað og að það sé erfitt að nálgast alla þjónustu yfir í að þjónustan verði betri og verður aðgengilegri sökum bættra samgangna, eða að þjónustan er færð nær samfélaginu. Við efnahagslegar breytingar breytist samfélagið úr dreifbýli (rural) yfir í „Rurban“, til að mynda þegar samfélagið breytist úr því að bjóða upp á eina atvinnugrein yfir í að bjóða upp á fjölbreytt atvinnulíf. Í flestum dreifbýlissamfélögum taka íbúarnir þátt í einhverjum samfélagslegum ákvarðanatökum. Þegar aðkomufólk fer svo að flytja í dreifbýlissamfélögin og íbúafjöldi hækkar, þá breytast þessar hefðbundnu venjur með tilkomu nýs fólks með aðrar væntingar (Farley o.fl., 2006).

4.2 Félagssráðgjafar á landsbyggðinni

Sagan um félagssráðgjöf í dreifbýli hófst um 1970 á Íslandi. Fyrstu félagssráðgjafarnir byrjuðu að starfa í stærri sveitarfélögum rétt utan við höfuðborgina. Með tímanum fóru félagssráðgjafarnir að dreifast smátt og smátt í smærri sveitarfélög lengra út á land. Þeir félagssráðgjafar sem starfa í félagsþjónustu sveitarfélaga gegna margvíslegum hlutverkum. Þeir sinna öllum málaflokkum sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þeir beita sér sem stjórnendur, vinna í fjölskyldumálum, barnavernd, öldrunarmálum, sjá um fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, áfengismál, vímuefnamál, fjölskylduráðgjöf og málefni fatlaðra (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Í minnstu sveitarfélögum hefur jafnvel einn félagssráðgjafi öll þessi mál á sínum herðum. Á meðan á stærri stöðum, eins og til dæmis á höfuðborgarsvæðinu, „velja“ félagssráðgjafarnir jafnvel eitt af ofangreindum verkefnum til þess að sinna og sérhæfa sig í því. Þeir eru þá jafnvel aðeins að sinna barnaverndinni, öldruðum eða fötluðum svo dæmi séu tekin. Því er óhætt að segja að munur sé á því að vera félagssráðgjafi í 1000 manna sveitarfélagi eða 120 þúsund manna sveitarfélagi.

Dreifbýlissfélagssráðgjafi er skilgreindur sem félagssráðgjafi sem kemur úr borgarasamfélagi og er fær til þess að vinna með einstaklinga og hópa. Hann er með fjölbreytta reynslu og góðan bakgrunn í skipulagningu og samfélagsþróun. Félagssráðgjafinn þarf að vera úrræðagóður, góður stjórnandi og sjálfstæður til að geta unnið í óskipulögðu umhverfi. Hann verður að búa yfir miklum skilningi til þess að starfa sem félagssráðgjafi í litlu samfélagi og læra að meta bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar þess (Farley o.fl., 2006).

Samkvæmt Ronnby (1992) er félagsráðgjafinn á landsbyggðinni meira „total persona“ en þeir sem búa í stærri bæjum. Ástæðuna fyrir því telur hann vera að úti á landi getur félagsráðgjafinn verið með skjólstæðing sem getur jafnvel verið ættingi, kórfélagi, sundfélagi og þess háttar. Því er nauðsynlegt að félagsráðgjafinn hafi viðeigandi þekkingu á ólíkum þörfum hvers og eins einstaklings í hverju samfélagi fyrir sig (NASW policy statement, e.d.).

Í erindi sem Gunnar M. Sandholt, félagsmálastjóri í Skagafirði, flutti á málþingi félagsmálaráðuneytisins á Grand Hótel 1. febrúar 2002, talar hann um að viðhorf umhverfisins til skjólstæðingsins geti verið frekar áþreifanlegt í litlum samfélögum. Það geti annars vegar verið jákvætt og sýnt fram á mikla væntumþykju og hins vegar neikvætt þar sem að mörk samfélagsins eru brotin. Náandin er það mikil að þegar kemur að því að taka ákvörðun í ákveðnu máli þá er það oft þannig að allir sem koma að málinu þekkja aðstæður skjólstæðingsins jafnvel milliliðalaust og oft á tíðum hafa þeir þegar tekið sér afstöðu til málsins. Hann nefnir að oft á tíðum gerast mikilvægustu atriðin frekar yfir tómötunum í grænmetisborðinu, rútunni með karlakórnum eða þegar foreldarnir eru saman í kaffisölu Skátafélagsins, svo dæmi séu tekin, heldur en í viðtali inn á skrifstofunni. Gunnar bendir á þá staðreynd að félagsráðgjafinn þarf að lifa með skjólstæðingnum í samfélaginu utan skrifstofunnar. Hann telur einn af styrkleikum nærsamfélagsins, og það mikilvægasta í hinu óformlega hjálparkerfi, vera gagnkvæmnina (Gunnar M. Sandholt, 2002).

Þeir sem starfa sem félagsráðgjafar í litlum samfélögum þurfa að takast á við ýmsar áskoranir. Til að mynda að ná að halda utan um þetta tvöfalda samband sem félagsráðgjafinn á við suma skjólstæðinga vegna tengsla (Anderson, Danis, Galambos og Watt, 2006). Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir sem rannsaka þetta tvöfalda samband sem félagsráðgjafar á landsbyggðinni þurfa gjarnan að fást við. Green og Mason (2002) hafa birt umfangsmiklar greinar þar sem þeir skoða mörkin á milli faglega sambandsins annars vegar og persónulega sambandsins hins vegar, í starfi þeirra sem koma að félagsmálum í dreifbýli. Í greinum sínum benda þeir á að erfitt sé að halda algjörum trúnaði í dreifbýli, því oft geta komið upp siðferðisleg átök. Þeir nefna mikilvægi þess að kunna að setja mörk sem fagmaður og lýsa trúnaði sem lagalegri og siðferðislegri reglugerð (Green og Mason, 2002).

4.3 Kostir

Farley og félagar (2006) telja dreifbýlisfélagsráðgjafa vera töluvert sjálfstæðari heldur en stórbogarafélagsráðgjafa. Í dreifbýlinu starfa fáir félagsráðgjafar og því er minna eftirlit á meðan félagsráðgjafar í stórborgum skipta tugum eða jafnvel hundruðum og er starf þeirra því meira vaktað. Sökum þess hversu fáir félagsráðgjafar eru á hverjum stað í dreifbýlinu telja þeir einnig að félagsráðgjafinn á landsbyggðinni eigi auðveldara með að fá skjóta stöðuhækkun. Hann gæti orðið yfirmaður á stuttum tíma á meðan félagsráðgjafinn í stærri samfélögum finnur fyrir meiri samkeppni um stöðuhækkunir. Það sem landsbyggðarfélagsgjafar hafa einnig fram yfir stórborgarfélagsgjafa er að þeir verða frekar varir við áhrifin sem starf þeirra er að hafa á líf fólksins í samfélaginu. Mikil viðurkenning er fyrir félagsráðgjafann að sjá að vinna hans er að hafa jákvæð áhrif á líf einstaklingsins og fjölskyldu hans. Félagsgjafinn nýtur einnig þeirra forréttinda að vera mikilvæg persóna í samfélaginu og fólk sýnir honum þakklæti fyrir vel unnin störf.

Guðrún Frímannsdóttir (1991) telur einn af helstu kostum þess að vera félagsráðgjafi á landsbyggðinni vera þann að fáir eru á vinnustaðnum. Ástæðuna fyrir því telur hún vera að þá þurfi hún ekki að bóka tíma og bíða eftir fundi með samstarfsaðilum heldur getur hún litið við á skrifstofu samstarfsaðilans og rætt um málið strax. Hún telur það ekki síst vera kost í barnaverndarmálunum. Samkvæmt Guðrúnu Bragadóttur (1991) er helsti kosturinn við að starfa í litlu bæjarfélagi sá hversu stutt er í allar stofnanir og það að þekkja starfsfólk þeirra persónulega getur flýtt fyrir afgreiðslu mála. Jákvætt getur verið að hafa góð samskiptakerfi, þar sem fréttir berast hratt og svör íbúanna geta borist tafarlaust. Einnig getur verið jákvætt að hitta skjólstæðing sinn í öðrum aðstæðum en á skrifstofu sinni, því þá getur félagsráðgjafinn fengið betri heildarmynd af einstaklingnum og hjálplegt getur verið að sjá hann í öðrum aðstæðum en í viðtali. Í litlum sveitarfélögum gerist það jafnvel daglega að félagsráðgjafinn rekst á skjólstæðing sinn í matvörubúðinni, á leikskólanum, í göngu eða á skemmtistöðunum (Guðrún Frímannsdóttir, 1991).

Í litlum sveitarfélögum er líklegra að góð samvinna sé á milli fagaðila. Einnig er jákvætt að starfa í samfélagi þar sem samfélagskenndin er mikil og íbúar samfélagsins ávallt tilbúnir að hjálpa næsta manni (Farley o.fl., 2006). Gunnar Sandholt (2002) fjallaði einnig um samfélagskenndina og mikilvægi hennar. Hann tók dæmi um samfélagskenndina úr eigin starfi. Í sveitarfélaginu, þar sem hann starfar, var iðjuþjálfari að hjálpa öldruðum manni að

aðlagast heima hjá sér eftir að hann var útskrifaður af spítala. Mikið þurfti að laga og breyta heima hjá manningum. Nágrannar gamla mannsins tóku sig saman og kláruðu verkið. Þeir hækkuðu rúmið hans, lækkuðu skápa, smíðuðu hjálpartól og breyttu baðherberginu. Þetta var allt gert á mjög stuttum tíma og, eins og Gunnar nefndi, ef þetta hefði farið í gegnum kerfið þá hefði þetta getað tekið vikur eða jafnvel mánuði.

4.4 Gallar

Viss menningarárekstur getur orðið þegar félagsráðgjafi úr þéttbýli mætir tilbúinn til starfa í dreifbýli, því þar er ekki sama menning. Ákveðin menning er innan fagsins og því getur verið erfitt að hafa enga kollega með sér í daglegu starfi til þess að ræða málin. Félagssráðgjafinn hefur bara sjálfan sig til þess að treysta á. Það getur oft reynt á félagsráðgjafann, sérstaklega þegar um erfið mál er að ræða. Til að mynda í forsjársviptingarmálum, þá geta lagalegu hliðarnar og reglugerðarákvæðin verið flókin og því mikilvægt að hafa samstarfsmann til þess að ræða málin við. Það að ræða málin við annan einstakling skýrir hlutina oft betur og fleiri hliðar á málinu opnast. Oft þarf að fara langa leið til þess að hitta aðra kollega eða annað fagfólk til þess að fá til dæmis handleiðslu eða njóta annarar þjónustu sem býðst á höfuðborgarsvæðinu (Steinunn Hjartardóttir, 1993). Valgerður H. Bjarnadóttir (1991) taldi fjarlægðina frá stéttarfélaginu og öðrum kollegum vera galla og hætta væri á að félagsráðgjafar á landsbyggðinni yrðu einangraðir í starfi. Samkvæmt Farley og félögum (2006) eru til þrenns konar einangranir í starfi félagsráðgjafa á landsbyggðinni. Þær eru landfræðileg einangrun, þjónusta einangrun og einangrun starfsfólks. Teljast slíkar einangranir sem galli við starfið á landsbyggðinni.

Guðrún Frímannsdóttir (1991) og Steinunn Hjartardóttir (1993) nefndu báðar að helsti gallinn við það að vera félagsráðgjafi á landsbyggðinni væri nándin, það að þekkja skjólstaðingana persónulega. Að vera eini félagsráðgjafinn á svæðinu getur oft reynt mjög erfitt. Sá aðili er alltaf á vakt og mikið álag getur fylgt því að vera einn í allri ákvarðanatöku. Einnig fylgir því mikil ábyrgð og oft hefur félagsráðgjafinn ekki mikla reynslu í sumum málum sem hann þarf þó að takast á við (Steinunn Hjartardóttir, 1993).

Ronnby (1992) telur að í litlum samfélögum sé félagsráðgjafinn með vinnuna á herðum sér allan sólarhringinn. Hann nefnir dæmi um að félagsráðgjafar hafi lent í því að mikill

pirringur sé í samfélaginu út í þá. Jafnvel hafi verið hringt heim til þeirra á nóttinni og þeim hótað, bankað heima hjá þeim og jafnvel brotnar rúður eða hurðir. Ronnby telur þetta vera klassísk dæmi um að einkalíf félagsráðgjafa sé ekki til mikils metið í litlum sveitarfélögum. Guðrún Frímansdóttir segir svipaða sögu og Ronnby og nefnir að þegar nándin er svona mikil þá vita skjólstæðingarnir einnig margt um félagsráðgjafann og hans hagi. Það getur því verið erfiðara að láta sig hverfa inn í fjöldann og halda einkalífi sínu aðskildu þegar maður er félagsráðgjafi á landsbyggðinni. Í litlu samfélagi getur félagsráðgjafinn, maki hans, börn og jafnvel fleiri í kringum hann orðið fyrir einhverju aðkasti fyrir utan vinnutímann og það getur oft verið erfitt fyrir alla aðila. Vinnudeginum lýkur í raun aldrei (Guðrún Frímansdóttir, 1991). Guðrúnu Bragadóttur (1991) þótti erfiðast þegar málin gengu út fyrir fjölskylduna. Þá tók hún sem dæmi að mörg tár hefðu fallið hjá börnum hennar þegar félagsráðgjafinn, mamma þeirra, var að skipta sér af öðrum börnum á skemmtistöðum, söluskálum og á billjardsstofunni.

4.5 Ólíkur hugsunarháttur þá og nú

Viðhorf almennings getur oft haft einhver áhrif á miðlun faglegrar þjónustu, þá sérstaklega í dreifbýli. Þar er hugsunarhátturinn oft sá að láta ekki nágranna eða aðra vita ef eitthvað bjátar á og viðhorfið þar er oft að „standa sig“. Þeir einstaklingar leita sér ekki hjálpar og þá síst til sveitarfélagsins, þar sem félagsráðgjafi gæti hjálpað. Ástæðan fyrir því er að þeir geta ekki hugsað sér að það fréttist í samfélaginu að þeir hafi verið að leita sér hjálpar (Sævar B. Guðbergsson, 1986). Ronnby talar um þetta sem „klassísku fyrirmyndina“ í litlum sveitarfélögum. Þar er bannað að sýna veikleika, fólk á að vera vinnusamt, hraust og með allt á hreinu. Ef svo er ekki þá leitar það til ættingja um aðstoð, alls ekki til fagaðila. Samkvæmt Steinunni Hjartardóttur (1993) var þessi hugsunarháttur algengari í dreifbýli heldur en í þéttbýli. Í dreifbýli ríkti frekar sú hefð að vandamálin séu leyst innan fjölskyldunnar en ekki hjá sérfræðingnum. Þetta neikvæða álit fólks á því að leita sér hjálpar gerir félagsráðgjöfum og öðrum fagaðilum enn erfiðara fyrir að skapa jákvæða ímynd af starfinu.

Upp hefur komið það sjónarmið að fólk þurfi ekki að búa við þennan skort á þjónustu, heldur velji það sjálft að gera það. Þeir sem búa í dreifbýli búa þar því þeir kjósa það (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2006). Þetta sjónarmið á engan rétt á sér. Sumir telja það vera forréttindi

að búa úti á landi og að skortur á þjónustu eigi ekki að bitna á þeim sem kjósa að búa á landsbyggðinni (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 1992). Jafnt eigi að ganga yfir alla, sama hvort fólk búi á höfuðborgarsvæðinu eða í 50 manna sveitarfélagi. Þó það sé erfitt að veita alla þjónustu í litlum sveitarfélögum, þá er nauðsynlegt að komast til móts við þau sveitarfélög og aðstoða þá sem þurfa að sækja aðstoðina á höfuðborgarsvæðið. Því eru bættar samgöngur og bætt fjarskipti algjört lykilatriði þegar kemur að búsetu og aðgangi að allri þjónustu (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2006).

5 Aðferð

Í þessum kafla kemur fram hvaða aðferðir voru notaðar við gerð rannsóknarinnar. Farið verður yfir sögu og helstu einkenni eigindlegar aðferðar. Einnig er fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar, skráningu og úrvinnslu gagna. Jafnframt er gert grein fyrir þeim viðmælendum sem talað var við.

5.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Eigindleg rannsókn var gerð með viðtalssniði til þess að fá betri innsýn í starf félagsráðgjafa. Hugtakið eigindlegar rannsóknaraðferðir er samheiti yfir fjölbreytta rannsóknarhefð. Hægt er að rekja upphaf þeirra til hefðbundna tímabilsins og þá helst Chicago skólans, þar sem fjölbreyttum þátttökuaðferðum var beitt til að skoða menningarkima borgarinnar (Neuman, 2006). Eigindleg rannsóknaraðferð er sú aðferð sem flokkast sem túlkandi félagsvísindi. Notast er við aðleiðslu en þá er rannsóknin yfirleitt leitandi og engin kenning til staðar þegar byrjað er á rannsóknarferlinu (Kvale, 1996). Markmiðið með eigindlegum rannsóknaraðferðum er að uppgötva kenningar og læra að skilja heiminn eins og þátttakendur skilja hann. Eigindlegar rannsóknir eru kerfisbundnar, krefjast mikillar nákvæmni, eru túlkandi og byggja á kenningum um að veruleikinn sé félagslega skapaður (Esteberg, 2002).

Fyrirbærafræði (e. phenomenology) er það kenningarlega sjónarhorn sem einkennir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Þar er leitast við að draga fram skilning á félagslegum fyrirbærum út frá sjónarhornum og persónulegri reynslu þátttakenda. (Taylor og Bogdan, 1998). Lögð er áhersla á hversdagslegt líf einstaklingsins og leitast er eftir túlkun hans á félagslegum veruleika (Denzin og Lincoln, 1994). Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er markmiðið að leitast eftir sjónarhorni en ekki hinum eiginlega sannleik. Tilgangurinn er að lýsa veruleika annarra eins og þeir upplifa hann en ekki leggja mat á hann. Markmiðið er að fá innsýn inn í félagslegan veruleika og fá sameiginlegar merkingar yfir hann. Algengustu aðferðirnar í eigindlegum rannsóknum eru viðtöl og þátttökuathuganir. Viðtöl eru notuð þegar rannsakandinn vill læra af reynslu fólks og þau eru oft notuð samhliða öðrum aðferðum. Markmiðið með viðtölum er að kanna upplifanir fólks á lífinu og tilverunni og athuga hvernig fólk skilur hlutina (Neuman, 2006).

5.2 Framkvæmd

Tekin voru viðtöl við sex starfandi félagsráðgjafa sem störfuðu við félagsþjónustu sveitarfélaga á landinu. Höfundur ákvað, í samvinnu við leiðbeinanda sinn, að skipta viðtölunum upp í þrjá flokka. Tekin voru viðtöl við tvo félagsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu, tvo félagsráðgjafa í milli stóru sveitarfélagi og tvo einyrkja. Tvö millistór sveitarfélög voru valin og var annað þeirra Vestmannaeyjar, en hitt er ekki gefið upp sökum nafnleyndar viðmælandans. Þessi sveitarfélög höfðu á bilinu 2.000-5.000 íbúa og 2-4 félagsráðgjafa. Einyrkjarnir voru félagsmálastjórar í Ölfus og í Hveragerði og höfðu þeir reynslu af því að starfa einir. Viðmælendurnir voru valdir með hentiúrtaki, þá helst eftir staðsetningu sveitarfélagsins sem þeir störfuðu hjá.

Rannsakandi er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og því varð sá staður fyrir valinu og féll hann undir millistórt sveitarfélag. Nafnið á hinu millistóra sveitarfélaginu verður ekki gefið upp en það þótti hagkvæmt útaf staðsetningu, íbúafjölda og fjölda félagsráðgjafa. Hveragerði og Þorlákshöfn voru valin vegna þess að þau eru ekki langt frá höfuðborgarsvæðinu og því auðvelt að fara þangað í rannsóknarleiðangur. Einnig varð Þorlákshöfn fyrir valinu, því félagsmálastjórinn þar er karlmaður og tók við starfinu beint eftir útskrift. Það þótti höfundi áhugavert að skoða og hafði það því einnig áhrif á valið. Það sem hafði áhrif á valið á Hveragerði, fyrir utan staðsetninguna, var að félagsmálastjórinn þar hafði í raun reynslu af öllum þremur stærðunum. Auk þess að vera einyrki núna í Hveragerði hafði hann einnig starfað á höfuðborgarsvæðinu og í Keflavík. Á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að taka eitt viðtal við félagsráðgjafa í þjónustumiðstöð og eitt viðtal við félagsráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur. Haft var samband við yfirmann Velferðarsviðs Reykjavíkur og yfirmann Barnaverndar Reykjavíkur. Bentu yfirmennirnir tveir rannsakanda á báða viðmælendurna frá höfuðborgarsvæðinu. Til þess að ná sambandi við viðmælendurna notaðist rannsakandi við fljótlegustu tæknina og sendi þeim tölvupóst. Í tölvupóstinum gerði rannsakandi grein fyrir rannsókn sinni og markmiði sínu með henni. Viðmælendurnir tóku allir vel í þetta og vildu glaðir hjálpa til við verkið.

5.3 Gagnasöfnun, skráning og úrvinnsla

Í heild voru tekin sex viðtöl við jafn marga einstaklinga. Viðtalsferlið stóð frá 25. febrúar 2011

til 6. apríl 2011. Vel gekk að finna stað og stund fyrir fyrstu fjögur viðtölin og voru þau tekin á níu dögum eða frá 25. febrúar til 6. mars. Aðeins erfiðara reyndist að finna tíma sem hentaði í síðustu tvö viðtölin en þau voru tekin 4. og 6. apríl 2011. Að jafnaði stóðu viðtölin yfir í 35 mínútur, það lengsta var rúmlega 42 mínútur og það stysta um 23 mínútur. Fimm viðtöl voru tekin upp á myndbandsupptökuvél og eitt upp á síma. Viðtölin fimm sem tekin voru upp á myndbandsupptökuvél voru öll tekin á skrifstofum viðmælendanna. Vegna óviðráðanlega aðstæðna var eitt viðtal tekið í gegnum síma. Þá hringdi rannsakandi á skrifstofu viðmælandans með hans leyfi og tók viðtal við hann í gegnum símann sem síðar var kóðað. Mikill kostur var að taka viðtölin inni á lokaðri skrifstofu viðmælandanna sökum þess að ekki var um neina utanaðkomandi truflun að ræða.

Í viðtölunum skrifuðu viðmælendurnir undir upplýst samþykki (fylgiskjal 1) þar sem fram kom markmið og tilgangur rannsóknarinnar. Einnig að viðmælanda væri ekki skylt að taka þátt, hann gæti neitað að svara einhverri spurningu og gæti hætt þegar hann vildi. Þegar rannsakandi fór að vinna úr viðtölunum áttaði hann sig á því að gleymst hefði að taka fram á blaðinu hvort rannsakandi mætti vísa í nafn einstaklinganna eða hvort þeir vildu frekar kjósa nafnleynd. Þar sem þetta voru ekki skjólstæðingar heldur fagmenn kaus rannsakandi frekar að fá að vísa í þeirra rétta nafn. Þá kom nútímatæknin að góðum notum og öllum viðmælendunum var sendur tölvupóstur þar sem fimm viðmælendur gáfu leyfi sitt fyrir því að nota sitt rétta nafn en einn viðmælandinn vildi halda nafnleynd. Tveir viðmælendur vildu fá að sjá áður hvað væri haft eftir þeim og samþykkja það áður en verkinu yrði skilað.

Á heildina litið gengu öll viðtölin mjög vel og náði rannsakandi góðu sambandi við viðmælendur. Í öllum viðtölunum hafði rannsakandi með sér viðtalsvísi (fylgiskjal 2). Spurt var út í ýmsar bakgrunnsupplýsingar viðmælanda, þá helst reynslu og fyrri störf. Spurningar voru fjölbættar, til dæmis um hver skoðun viðkomandi væri á búsetu og starfi félagsráðgjafa og hvort það skipti máli, eða hvernig gengi að aðskilja vinnu og einkalíf. Viðtölin voru því að spanna bæði almennar skoðanir viðkomandi sem og persónulegar upplýsingar.

Skráning og úrvinnsla gagna fór fram í kjölfar gagnasöfnunar. Öll viðtölin voru afrituð í tölvu og voru gögnin samtals 123 blaðsíður. Gögnin voru lesin vandlega yfir og kóðuð. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunni sem og að finna sameiginleg þemu úr viðtölunum. Greining gagnanna leiddi ýmislegt í ljós sem gerð verður grein fyrir í niðurstöðum.

5.4 Þátttakendur

Þátttakendur voru, sem fyrr sagði, sex talsins og voru þeir allir útskrifaðir félagsráðgjafar og sinna því starfi í dag. Tveir voru félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu, annar starfaði á þjónustumiðstöð og hinn í barnavernd. Annar félagsráðgjafi millistóra sveitarfélagsins var búsettur í Vestmannaeyjum og starfar á Fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyjabæjar. Hinn félagsráðgjafinn í millistóru sveitarfélagi er búsettur í sveitarfélagi á Suðurlandi og starfar á félagsþjónustunni þar. Síðustu tveir félagsráðgjafarnir voru báðir félagsmálastjórar í sínu sveitarfélagi og hafa séð einir um félagsþjónustuna þar. Aldur þátttakenda var nokkuð dreifður en hann var á bilinu 30-50 ára. Öll höfðu þau frekar langa og góða starfsreynslu, eða frá fimm árum upp í tuttugu og tvö ár. Sagt verður frá hverjum og einum viðmælanda, þá einna helst frá starfsreynslu og námi.

Guðrún Jónsdóttir starfar sem félagsráðgjafi hjá fjölskyldu- og fræðasviði Vestmannaeyjabæjar. Hún hefur starfað sem félagsráðgjafi í 19 ár. Hún vann á svæðisskrifstofu fatlaðra með náminu og í nokkra mánuði eftir það en flutti svo til Vestmannaeyja í febrúar 1992 og hefur starfað þar síðan. Þegar hún var að læra þurfti að taka aðalgrein í öðru fagi en félagsráðgjöf. Valið stóð á milli félags-, uppeldis- eða sálarfræði. Hún ákvað að taka sálarfræði sem henni finnst oft hafa komið sér vel, þó hún hefði kosið að fá meiri áherslu á félagsráðgjöfina sem slíka. Starf hennar byggist á mikilli teymisvinnu við aðrar fagstéttir og vinna þau undir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig vinna þau mikið í samstarfi við aðrar ríkisstofnanir eins og heilbrigðisstofnunina, sýslumannsembættið og lögregluna. Guðrún hefur yfirsýn yfir alla málaflokka þjónustunnar og kemur því að öllum málum. Henni finnst mjög gaman og gefandi að hafa starfið fjölbreytt.

Þórarinn Þórsson starfar hjá Vesturgarði, sem er þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Hann hefur starfað þar í fimm ár eða síðan hann útskrifaðist árið 2006. Þegar hann útskrifaðist var námið fjögur ár, það var BA-nám sem tók þrjú ár og svo starfsréttindanám sem tók eitt ár. Hann hefur einnig tekið diplómanám í félagsráðgjöf í fíknisjúkdómum. Hann byrjaði að vinna meira í almennri ráðgjöf en fór síðan fljótlega að vinna með fíklum, bæði virkum og óvirkum. Fyrir um það bil ári síðan fór hann svo að vinna með atvinnulausum Reykvíkingum. Þórarinn kemur því ekki að öllum málaflokkum þjónustumiðstöðvarinnar, heldur sérhæfir hann sig í vinnu með fíklum og atvinnulausum. Hann telur að hann vinni betur þannig, hann hefur prófað hitt og finnst honum fylgja því alltof margir fundir og minni tími gefst til að hitta

skjólstæðingana. Hann vinnur í teymisvinnu en þó ekki eins mikilli og upphaflega var ætlað, heldur er meira um óformlega teymisvinnu að ræða í hans starfi.

Guðrún Marinósdóttir er deildarstjóri meðferðarteymis Barnaverndar Reykjavíkur. Hún kláraði fyrst BA-próf í sálfræði, fór síðan að læra leiklist og eftir það fór hún að vinna. Árið 1991 fór hún aftur í nám og kláraði félagsráðgjöf árið 1994. Áður en hún kláraði félagsráðgjöf hafði hún verið að vinna í meðferðarvinnu á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss, en fór síðan að vinna sem ráðgjafi. Árið 1990 vann hún á félagsþjónustu og hélt því áfram eftir útskrift. Þar vann hún í ýmsum deildum, en þó aðallega með fóstur- og ættleiðingamál. Eftir það fór hún að vinna sem félagsráðgjafi á borgarhlutaskrifstofu og var síðan hvött til þess að færa sig á Barnavernd Reykjavíkur þegar hún var stofnuð árið 2000, sem og hún gerði. Guðrún vinnur í mikilli teymisvinnu og þrátt fyrir að vera með tuttugu ára reynslu þá er hún alltaf að fást við eitthvað nýtt.

María Kristjánsdóttir er félagsmálastjóri í Hveragerði. Hún útskrifaðist árið 1989 og hefur starfað sem félagsráðgjafi síðan þá. Hún tók BA-próf í félagsfræði og var með félagsráðgjöf sem aukafag. Frá árunum 1990-1997 starfaði hún í Keflavík og fór síðan til Reykjavíkur þar sem hún starfaði til ársins 2004. Árið 2004 fluttist hún til Hveragerðis og hefur starfað þar síðan, eða í sjö ár. Frá því hún byrjaði þar hefur hún nánast alltaf starfað ein. Hún fékk í eitt skipti að ráða starfsmann í 50% stöðu en það stóð bara yfir í eitt ár. Var það vegna sparnaðar í kjölfar kreppunnar. Í dag er hún nýbúin að ráða til sín starfsmann í 75% stöðu og er hann titlaður sem ráðgjafi. María er með 22 ára starfsreynslu og telur hún það mjög mikilvægt.

Kristinn G. Kristinsson er félagsmálastjóri hjá félagsþjónustu Ölfus, áður Ölfushrepps. Hann útskrifaðist í desember árið 1991 og byrjaði að vinna sem félagsráðgjafi á gamla Kópavogshælinu í ársbyrjun 1992. Þar starfaði hann í þrjú ár og tók síðan við nýrri stöðu öldrunarfulltrúa í Hafnarfirði í eitt ár. Í desember 1995 tók hann við stöðu félagsmálastjóra í Hveragerði og Ölfushrepp, sem nú er sveitarfélagið Ölfus. Hann var ráðinn af báðum sveitarfélögum, 60% hjá Hveragerði og 40% hjá Ölfushrepp. Í ágúst árið 2000 var þessu breytt í fulla stöðu í Hveragerði og fulla stöðu í Ölfusi. Kristinn valdi að vera í Ölfusi því hann var búsettur í Þorlákshöfn. Kristinn er eini félagsráðgjafinn þar og vinnur því ekki í neinu teymi heldur starfar sem einyrki.

Ásta Bergsdóttir óskaði nafnleyndar og því er þetta ekki hennar rétta nafn. Hún starfar sem félagsráðgjafi í millistóru sveitarfélagi á Suðurlandi. Hún útskrifaðist upp úr síðustu

aldamótum og fór þá að vinna. Eftir útskrift fór hún að vinna við meðferð og ráðgjöf á höfuðborgarsvæðinu en síðan ákvað hún að flytja út á land. Hún taldi mjög nauðsynlegt að öðlast einhverja starfsþjálfun á höfuðborgarsvæðinu áður en hún myndi flytja á landsbyggðina. Nú starfar hún sem félagsráðgjafi á félagsþjónustu í sveitarfélagi á Suðurlandi.

6 Niðurstöður

Hér verður gert grein fyrir helstu niðurstöðum og því áhugaverðasta sem viðmælendurnir höfðu að segja.

6.1 Nánd við skjólstæðinga

Allir viðmælendurnir voru sammála því að það væri munur á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu, þá helst útaf nánd við skjólstæðingana og því að þekkja til þeirra og fjölskyldna þeirra. Báðir viðmælendurnir af höfuðborgarsvæðinu sögðust ekki geta hugsað sér að þekkja skjólstæðinga sína persónulega. Þegar slíkt gerist þá finnst þeim það mjög óþægilegt. Á vinnustöðum þeirra beggja gildir regla um að ef viðkomandi starfsmaður þekkir til skjólstæðings persónulega þá sé reynt að vísa honum á annan félagsráðgjafa. Á flestum stöðum á höfuðborgarsvæðinu eru margir starfandi félagsráðgjafar og litlar líkur á að allir þekki skjólstæðinginn. Á landsbyggðinni skiptir ekki máli hvaða starfsmaður það er því það þekkjast flestir og í sumum tilfellum er bara einn félagsráðgjafi að vinna í félagsþjónustunni. Félagsráðgjafarnir tveir á höfuðborgarsvæðinu þekktu skjólstæðinga sína ekki persónulega og voru ekki að rekast á þá dagsdaglega. Þórarinn hafði nokkrum sinnum lent í því, þegar hann fór út að skemmta sér, að rekast á sína skjólstæðinga sem voru á svipuðum aldri og hann en þeir komu þó ekki til að tala við hann. Guðrún rekst ekki mikið á skjólstæðinga sína, segist rekast á þá stundum á förnum vegi. Einu sinni gerðist það þegar hún var að vinna í mjög erfiðu máli að hún lenti á eftir einstaklingi í röð í matvörubúð sem tengdist málinu mjög vel og þótti henni það mjög óþægilegt.

Þórarinn og Guðrún Marinósdóttir töldu það bæði vera mikinn ókost að þekkja skjólstæðingana. Þau töldu þetta geta verið mjög flókið og erfitt. Þau sögðu að það gæti auðveldlega myndast þessi togstreita hjá fagmanninum gagnvart því hvernig hann þekkir viðkomandi persónulega. Þau töldu það hljóta að vera erfitt í afgreiðslu mála að aðskilja öll persónulegu tengslin og vinna eingöngu sem fagmaður. Ekki það að þjónustan verði verri eða ósanngjörn, heldur bara að þetta reyni mikið á félagsráðgjafann sjálfan. Til að mynda þegar félagsráðgjafinn þarf að vinna í málum þeirra sem eru hátt settir í bæjarfélaginu. Það geti verið erfitt að koma með neikvæðar staðreyndir um þann einstakling eða fjölskyldumeðlim hans. Guðrún nefndi einnig að það hlyti líka að vera erfitt fyrir skjólstæðingana að opinbera

viðkvæm mál sín fyrir félagsráðgjafa sem þeir væru í persónulegum tengslum við. Bæði töldu Guðrún og Þórarinn nauðsynlegt fyrir félagsráðgjafa á landsbyggðinni að finna jafnvægið þarna á milli, að vera fagmaður og einnig privat manneskja. Þórarinn sagði:

Ég veit að það getur sett félagsráðgjafann í mikla klípu að vera í mikilli nánd við þann sem hann þarf hugsanlega að vera að færa vondar fréttir varðandi hvaða þjónustu hann fái eða taka ákvarðanir sem varða hans hagi á einhvern hátt...Þannig að ég get ímyndað mér að það gæti verið erfitt að hitta viðkomandi svo í afmælisboði barnanna þeirra eða í Krónunni jafnvel.

Í millistóru sveitarfélögum nefndu félagsráðgjafarnir að þar væri mikil nánd við skjólstæðingana. Íbúar í Vestmannaeyjum sækja þjónustuna í heimabæ sinn sökum erfiðra samgangna. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi þar nefndi að hún sendi skjólstæðinga sína ekkert svo auðveldlega eitthvað annað út af staðsetningu. Íbúar í sveitarfélögum nálægt höfuðborgarsvæðinu eiga auðveldara með að keyra jafnvel í 30 mínútur í borgina ef þeir kjósa frekar að fá ráðgjöf hjá einstaklingi sem þeir þekkja ekki. Í báðum millistóru sveitarfélögum er ekki sami fjöldi af úrræðum eins og á höfuðborgarsvæðinu og því þurfa bæði Guðrún og Ásta stundum að treysta á þessi óformlegu úrræði. Nándin getur því bæði verið kostur og galli. Guðrún Jónsdóttir talaði bæði um kosti og galla þess að starfa á landsbyggðinni og sagði:

Það getur til dæmis verið kostur ef maður situr á lögreglustöðinni að ná í barn og foreldrarnir jafnvel ekki heima, þá getur maður hugsað: Ahh, já... við getum örugglega prófað að hringja í frænku hans sem er heima núna... Einnig þykir mér náungakærleikurinn mikill kostur, það eru allir tilbúnir að hjálpa ef þörf krefur. Gallinn er hins vegar hnýsnin, það þurfa allir að vita allt um alla.

Bæði í Hveragerði og Ölfusi er mikil nánd við skjólstæðingana. María og Kristinn voru þó sammála um það að meiri tengsl og skyldleiki væru í Þorlákshöfn heldur en í Hveragerði. Nándin er því meiri í Þorlákshöfn heldur en í Hveragerði. Fólk þekkist ekkert endilega innbyrðis í Hveragerði en það gerir það meira í Þorlákshöfn. María sagði að í Hveragerði væri kjarni sem hefur búið þar alla ævi en það sé einnig mikið um aðflutta einstaklinga og margir

sem koma og fara. Í Hveragerði og Ölfusi eru félagsráðgjafarnir einir og geta því ekki beðið annan um að taka málið fyrir sig ef tengslin eru mikil. Um leið og fleiri en einn starfa á vinnustaðnum og unnið er í teymisvinnu er örlítið hægt að beygja fram hjá óþæginlegum aðstæðum og biðja annan starfsmann að taka tiltekið mál ef tengslin eru of mikil. Ástu þótti það mikill kostur og sagði „Að vinna í teymi þá getur maður sagt, ég myndi helst ekki vilja vinna með þetta mál, þetta er mamma stelpu í bekk dóttur minnar, maður hefur þann kost“. Sem dæmi um mikla nánd þá hafði einn viðmælandinn verið að vinna í barnaverndarmáli þar sem eitt af börnum hans var leikfélagi á heimili fjölskyldunnar sem afskipti voru af.

Kristinn taldi þessa einangrun, sem á sér stað á landsbyggðinni og nándin við skjólstæðingana, ekki vera holla til lengdar og sagði „Þessi faglega fjarlægð verður aldrei nógu mikil í litlum sveitarfélögum“. Hann talaði um að á sinni félagsþjónustu væru mál skjólstæðinganna merkt nöfnum einstaklinganna í stað þess að hafa málanúmer. Hann taldi þetta gera enn erfiðara fyrir að fjarlægja afgreiðslu mála frá persónunni. Maríu þótti kostur að hún sé ekki fædd og uppallinn í Hveragerði, því hún starfar þar. Hún taldi að ef nándin væri svo mikil þá gæti það komið fyrir að félagsráðgjafinn myndi lenda í því að festast í forminu. Þá er hann í raun eingöngu að fara eftir reglum en ekki að setja sig í aðstæður einstaklingsins, því hvert mál er sérstakt. Þá væri hætta á að félagsráðgjafinn yrði of ósveigjanlegur og fastur á því að láta sama ganga yfir alla, sama hversu mikil tengslin væru.

6.2 Áreiti

Allir viðmælandur mínir höfðu orðið fyrir einhvers konar áreiti eða aðkasti utan vinnutíma. Mest allt áreitið tengdist erfiðum barnaverndarmálum og því virðist búseta ekki skipta máli þegar kemur að áreiti. Þórarinn hafði einu sinni lent í því að hringt var heim til hans en það var ósköp saklaust. Það var maður sem hafði verið mikið í viðtölum hjá honum og vantaði að heyra í honum. Maðurinn áttaði sig einfaldlega ekki á því að þetta væri óviðeigandi. Þórarinn sagði honum að þetta væri hans einkasími og bað hann vinsamlegast að hringja á vinnutíma og þar með var það búið. Það hafði einnig nokkrum sinnum verið hringt heim til Guðrúnar Marinósdóttur. Hún hafði sjálf ekki lent illa í því en nokkrir samstarfsfélagar höfðu lent í að þurfa að fara með mál fyrir dómstóla útaf áreiti. Þegar María var að byrja að starfa sem félagsráðgjafi þá lenti hún í því að einn maður, sem á þeim tíma var róni, var oft að banka

upp á heima hjá henni. Einnig lenti hún í slæmum hótunum, þar sem unglingagengi, sem hún var að vinna með, hótaði henni og dóttur hennar öllu illu. Kristinn hafði einnig lent í slæmum hótunum þegar hann var að vinna að barnaverndarmáli. Þá var honum hótað og gefið í skyn að einstaklingurinn vissi hvar hann ætti heima, hvað börnin hans væru mörg, hvað þau væru gömul, hver þeirra væru í skóla og hver í leikskóla. Ásta hafði lent í óbeinum hótunum og nokkrum símhringingum, en þó ekki mikið. Oft hafði verið hringt heim til Guðrúnar, örsjaldan bankað á dyr hennar, en henni hafði oft verið kippt afsíðis hér og þar til þess að ræða málin. Guðrún nefndi einnig að hún væri eiginlega hætt að líta á þetta sem áreiti, hún er frekar farin að líta á þetta sem hluta af starfinu.

Helsta minniháttar áreitið sem einkenndist eingöngu við starf félagsráðgjafanna á landsbyggðinni var þegar að fólk var að hringja utan vinnutíma, í sumarfríinu þeirra, eða þegar skjólstæðingar vildu ræða málin í matvörubúðinni til dæmis. Þórarinn hafði í raun lent í minnsta áreiti frá skjólstæðingum, enda er hann ekki að sinna barnaverndarmálum. Alvarlegustu hótanirnar hjá viðmælendum voru í erfiðum barnaverndarmálum.

6.3 Að setja mörk

Félagsráðgjafarnir fjórir sem störfuðu á landsbyggðinnin töluðu allir um mikilvægi þess að setja mörk. Viðmælendurnir töluðu um að það þyrfti að gera það helst í fyrsta viðtali. Guðrún Jónsdóttir sagði „Nauðsynlegt er að segja þeim hvenær vinnutíminn er og að þau geti alltaf leitað til mín og haft samband á vinnutíma, en fyrir utan vinnutímamann á ég mitt einkalíf“. Þetta er eitthvað sem félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu þurfa ekki að nefna í fyrsta viðtali. Ásta sagði einnig:

Ef skjólstæðingur fer að tala við mig úti í bæ þá segi ég þú mátt hringja í mig í vinnuna, eða ég er tilbúin að ræða þetta við þig síðar. Maður þarf að vera rosalega skýr með þetta, flestir skilja þetta og fara eftir þessu en auðvitað eru einhverjir frekar markalausir og virða þetta ekki.

María tók undir með þeim og sagði „Ef skjólstæðingi mínum dettur í hug að fara að tala við mig í búðinni þá bara segi ég að ég sé að vinna frá 8-4, þú getur pantað tíma eða hringt í mig

á morgun á vinnutíma“. Viðmælendurnir sem störfuðu á landsbyggðinni nefndu að ef þeir finna að skjólstæðingurinn er farinn að fara aðeins of mikið inn á hans svæði, þá þarf að setja skýrari mörk. Sem dæmi þá gefa þau ekki upp símanúmerið sitt, ekki nema af mikilli nauðsyn. Ásta talaði einnig um mikilvægi þess að setja mörk á sjálfan sig. Það að temja sér það að blanda ekki þeirri vitneskju sem þú hefur úr samfélaginu og úr umhverfinu við það sem þú heyrir í vinnunni. Hún orðaði það svona:

Í litlum bæjarfélögum heyrir maður ýmislegt, maður kannski heyrir talað um einhverja fjölskyldu út í bæ sem er að glíma við einhver vandamál. Svo kannski kemur þetta mál inn á borð hjá okkur og við þurfum að vera að vinna með það, þá þarf maður að blokkera það sem maður hefur heyrt áður og gefa fólki kannski séns á því og tækifæri á að koma fram með sína hlið á málinu.

Mörkin eru til þess að aðskilja einkalíf og vinnu. Þegar viðmælendurnir voru spurðir út í aðskilnað einkalífs og vinnu þá nefndu þeir sem voru á landsbyggðinni að þetta væri oft ákveðin áskorun. Guðrún Jónsdóttir talaði um að það, að finna rétta jafnvægið, geti oft reynst erfitt. Einnig sagði hún:

Ég hef eiginlega tekið allan þakkann á þetta. Ég tók þann þakkann að ég ætlaði að vera algjörlega starfið og sér einkalífið, þá fann ég að ég var að brenna út, þá fór mér að finnast starfið svo leiðinlegt. Þá hafði það þau áhrif að maður gat ekki lengur sett sig eins inn í spor skjólstæðinganna, maður þarf að hafa svona hæfilega mikinn áhuga á þeim. Svo finnur maður það líka ef maður er kominn aðeins of mikið á bólakaf, ef maður er farin að spá í að keyra fram hjá húsinu þeirra, þá finnur maður bara nei nú þarf ég að fara að aðskilja.

Þórarinn talaði um að félagsráðgjafar séu ákveðnar fyrirmyndir í samfélaginu og því er fylgst meira með þeim. Þannig breyttist margt eftir að hann varð félagsráðgjafi, til dæmis í skemmtanalífinu og allri almennri framkomu félagsráðgjafans, vegna starfs hans. Þannig að, að sumu leyti er félagsráðgjafinn alltaf í vinnunni, sama hvar á landinu hann starfar, þó auðveldara virðist vera að falla inn í fjöldann á höfuðborgarsvæðinu. Þegar Guðrún Marinósdóttir var spurð út í aðskilnað einkalífs og vinnu, sagði hún:

Maður er einhvern veginn alltaf í hlutverki; maður er barnaverndarstarfsmaður, eins og prestur er prestur, það er svolítið þannig... Þetta hefur áhrif hvernig maður kemur fram við börnin sín, maður er hræddari um þau því maður hefur séð svo mikla grimmd í samfélaginu og heldur þeim kannski meira til baka og reynir að hafa svolítill mikil áhrif og vera örlítið stjórnssamur. Því er þetta oft mjög erfitt og maður lokar sig svolítið meira af. Þetta hefur nefnilega rosalega víðtæk áhrif, miklu meira en maður gerir sér grein fyrir. Erfiðast er þó að maður getur ekki talað um vinnuna heima, þannig maður er svolítið sviptur þeim möguleika. Maður situr inni með eitthvað hræðilegt sem hefur gerst yfir daginn og eina sem maður getur sagt heima er „þetta var erfiður dagur í vinnunni“.

Maríu gengur vel að aðskilja einkalíf og vinnu en hún telur það vera útaf aldri og reynslu. Hún sagði það ekki hafa gengið vel þegar hún var að byrja sem félagsráðgjafi. Sökum langrar reynslu hefur hún tamið sér það að setja skýr mörk og því gengur aðskilnaður einkalífs og vinnu vel. Ásta telur sig einnig vera nokkuð góða í að aðskilja vinnu og einkalífið. Hún telur þó að börnin sín upplifi það ekkert sérstaklega jákvætt að mamma þeirra sé félagsráðgjafi. Ákveðin hræðsla sé hjá þeim um að ef eitthvað barn sé óþekkt í skólanum að mamma þeirra sé að vinna við það mál og tala við það barn.

6.4 Sérhæfing og handleiðsla

Félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu eiga auðveldara með að sérhæfa sig og fylgja sínu áhugasviði. Starfið á landsbyggðinni er töluvert fjölbreyttara. Guðrún Jónsdóttir sagði:

Mér finnst mjög gefandi að hafa starfið fjölbreytt. Hérna fáum við alla flórana, við erum kannski með erfitt mál sem endar í sviptingu, þá getur verið svo gott að hafa þessi ljúfu og léttu mál sem að leysast og ástandið batnar, sem er ljósi punkturinn í þessu... Já, núna björguðum við einu barni.

Ásta nefndi að þó að störfín á landsbyggðinni séu fjölbreyttari þá sé félagsráðgjafinn samt alltaf að vinna eftir sömu lögum og reglum og annars staðar. Hún bætti við:

Þó það sé gefandi að hafa starfið fjölbreytt, þá getur það líka verið ákveðinn galli. Maður er lengur að komast inn í sum mál og getur orðið ryðgaður í þeim málum sem koma sjaldan fyrir, eins og erfðamál til dæmis.

Félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu eiga auðveldara með að fá einhverja handleiðslu heldur en félagsráðgjafar á landsbyggðinni. Hjá Barnavernd Reykjavíkur handleiða deildarstjórnir sitt teymi, bæði í byrjendahandleiðslu og málahandleiðslu. Hver og einn starfsmaður getur síðan farið í utanaðkomandi handleiðslu sem og hóphandleiðslu á vinnustaðnum. Þórarinn var ekki í reglulegri handleiðslu en sagði þá að:

Þessir sem eru eldri og starfa með mér eru svolítið með þá yngri undir arminum, svo get ég leitað til yfirmanna minna. Það er helst í byrjun sem maður þarf þessa miklu góðu handleiðslu, maður býr svolítið að henni, ég finn það. Svo þarf maður að vera mjög meðvitaður um það hvenær maður á að fara, ef maður er farinn að hugsa um vinnunna þegar maður kemur heim á kvöldin og áður en maður fer að sofa og annað, þá eru það ákveðið viðvörðunarkerki um að þú þurfir að fara núna. Þetta er stór og nauðsynlegur þáttur í okkar starfi.

Enginn viðmælendanna á landsbyggðinni voru í reglulegri handleiðslu þegar viðtalið var tekið en þau höfðu flest prufað það og þóttu það gera þeim gott. Báðir einyrkjarnir sækja sér handleiðslu á höfuðborgarsvæðið ef þeir telja þörf á því. Félagsráðgjafarnir í báðum millistóru sveitarfélögum reyna ásamt samstarfsmönnum sínum að handleiða hvern annan en sækja utanaðkomandi handleiðslu einnig á höfuðborgarsvæðið ef þeir telja sig þurfa þess. Það getur oft verið hægara sagt en gert, sérstaklega fyrir félagsráðgjafa í Vestmannaeyjum eins og Guðrún orðaði það:

Persónuleg handleiðsla er eitthvað sem við þurfum á að halda en erum ekki nógu duglegar að sækja útaf fjarlægðinni eða útaf búsetunni. Maður er alltaf að gera margt annað í Reykjavík heldur en að hitta handleiðara.

6.5 Vægi félagsmálanefndar

Í fræðilega hlutanum er talað um félagsmálanefnd og helstu hlutverk hennar. Voru viðmælendur spurðir út í nefndina og hversu mikið vægi hún hefur í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Guðrún Jónsdóttir og Ásta sögðu að þó að það sé nefndin sem tekur ákvarðanirnar, að þá fari hún í flestum tilfellum eftir því sem starfsmennirnir mæla með. Þá taldi Guðrún Jónsdóttir það vera mikilvægt að tillögurnar séu ekki að koma frá einhverjum einum starfsmanni, heldur er það faglegt teymi sem stendur á bakvið hverja tillögu. Í Þorlákshöfn er nefndin úrskurðaraðili. Þar er umboð í barnaverndinni þannig að nefndin er innvinkluð í málin, og vinnur málin í samvinnu við Kristinn. Kristinn hefur því eitthvað svigrúm til þess að taka ákvarðanir, eins og þegar kemur að fjárhagsaðstoð, þá hefur hann heimild til að afgreiða allt annað en heimildagreiðslur.

Þórarinn hafði farið í starfsþjálfun í Reykjanesbæ. Hann starfar nú í höfuðborginni en þarna fékk hann aðeins að kynnast félagsráðgjöf á landsbyggðinni. Honum fannst mjög sérstakt að sitja undanþágufundina þar sem heimildagreiðslurnar voru teknar fyrir og lýsti því svona:

Þangað mættu pólitískir fulltrúar til að tala um mál bæjarbúa sem þeir þekktu persónulega. Þetta var svona ákveðin upplifun, búin að vera í þessu námi og svo allt í einu trítluðu einhverjir fimm pólitíkusar á fundinn. Félagsráðgjafinn sagði þeim hvað var að og þeir ákváðu örlög þessara manneskja gagnvart því hvaða styrki hún fengi. Það var ákveðin lærdómur í þessu, manni fannst þetta allavega frekar óeðlilegt þá en svona er þetta úti á landi. Félagsmálanefndirnar sem eru pólitískar taka ákvarðanirnar í staðinn fyrir eins og hér, hér sitja bara fagmenn og ákveða allt.

Hann taldi einnig að það væri áhugavert að skoða það hvort að stéttin gæti ekki beitt sér í því að félagsráðgjafar í sveitarfélögum fengju að taka allar faglegar ákvarðanir en ekki félagsmálanefndin. Honum þótti óeðlilegt að þetta væri ekki komið í betri farveg og ekki hafi verið þrýst meira á það. Honum þótti áhugavert að skoða þetta betur og jafnvel finna lausn á þessu og sagði:

Ég hugsa að þessu fólki líði ekkert endilega vel með það að sitja í þessum félagsmálanefndum, finnist þetta bara dálítið erfitt og hafi engar forsendur til þess að ákveða þetta. Þannig kannski er það bara öllum til hagsbóta.

Umræða

Samkvæmt upplifun viðmælenda rannsóknarinnar kemur fram að þeir upplifa mun á starfi félagsráðgjafa eftir búsetu. Virðist sá munur helst felast í mikilli nánd við skjólstæðinga á landsbyggðinni og að það sé líklegra að félagsráðgjafinn þar þekki skjólstæðinginn og hans nánustu persónulega, heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Þessi tengsl, sem frekar eru til staðar á landsbyggðinni, geta haft í för með sér ýmis vandamál. Félagsráðgjafar á landsbyggðinni virðast því frekar vera að glíma við togstreitu á milli faglega hlutverksins og þess persónulega en það virðast félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu síður að gera.

Einnig kemur fram að félagsráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu virðast hafa meiri möguleika á að sinna því starfi sem þeir hafa áhuga á og geta frekar sérhæft sig á því sviði. Á landsbyggðinni eru félagsráðgjafarnir fremur að sinna öllum þeim málaflökkum er heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, hvort sem þeir hafa áhuga á að sinna þeim málum eða ekki. Þeir hafa síður tækifæri á að velja sér áhugasvið og sinna því eingöngu. Starfið þar er því fjölbreyttara en á sama tíma minna um sérhæfingu. Á höfuðborgarsvæðinu virðist vera auðveldara að falla inn í fjöldann heldur en á landsbyggðinni. Úti á landi vita flestir hver félagsráðgjafinn og hans fjölskylda er. Segja má að félagsráðgjafar þar séu alltaf í vinnunni. Annars vegar vegna þess að þeir eru þekktir og flestir vita hverjir þeir eru, og hins vegar að algengt er að félagsráðgjafinn sé að rekast á skjólstæðinga sína utan vinnunar og oft í óþægilegum aðstæðum.

Við rannsóknina komu viðmælendur með áhugaverða punkta sem höfundur þykir vert að nefna. Til dæmis nefndi einn viðmælandinn að honum þótti algengt að nefndarmenn í félagsmálanefndum hafi oft ómeðvitað meiri þolinmæði gagnvart heimamönnum heldur en aðfluttum. Þetta þótti mér mjög áhugavert og væri gaman að skoða það betur. Einnig töldu þrír viðmælendur að betra og auðveldara væri að vinna sem félagsráðgjafi í litlu sveitarfélagi ef maður er ekki uppallinn þar. Þau töldu það vera auðveldara að vera aðfluttur og að fáir eða enginn viti hver félagsráðgjafinn og hans fjölskylda er, í stað þess að flytja aftur í sinn heimabæ þar sem flestir vita hver félagsráðgjafinn og fjölskylda hans er. Þetta þótti mér virkilega merkilegt og væri einnig gaman að skoða þetta betur.

Við heimildaleit kom ýmislegt í ljós sem áhugavert væri að velta fyrir sér. Í flestum heimildum sem ég studdist við tók ég eftir því að fræðimenn voru að nefna að námið væri of

höfuðborgarmiðað. Ég velti þessari hugsun fyrir mér og út frá minni reynslu er ég nokkuð sammála. Sú hugleiðing kom fram hvort þörf væri á meiri fræðslu um það að vera félagsráðgjafi í minni sveitarfélögum. Sem dæmi þá taldi Ronnby (1992) félagsráðgjafarmenninguna, eins og hún er byggð upp í dag, ekki passa í litlum sveitarfélögum. Hann taldi félagsráðgjafarnámið vera of stórborgarmiðað og sniðið að aðstæðum og menningu stórborgar, sem er ekki sú sama og á landsbyggðinni. Einnig heldur Guðrún Frímansdóttir (1991) því fram að frekar sé verið að mennta félagsráðgjafa fyrir höfuðborgarsvæðið heldur en landsbyggðina. Hvar í heiminum sem félagsráðgjöf er kennd, að þá virðist námið henta frekar fyrir starfsvettvang í stórborg heldur en á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er að meta aðstæðurnar og taka mið af því hversu ólíkar aðstæðurnar geta verið úti á landi í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Steinunn Hjartardóttir (1993) telur að félagsráðgjafardeild ætti að íhuga að kenna nemendum hvernig best sé að starfa sem félagsráðgjafi úti á landi.

Gunnar Sandholt (2002) starfar sem félagsmálastjóri í litlu sveitarfélagi og út frá hans reynslu telur hann að fræðimenn, fagfélög og félagsmálayfirvöld ættu að útskýra þennan vanda, sem myndast getur á landsbyggðinni, betur en hefur verið gert. Hann segir að skoða þurfi alla þjónustu og reglur út frá því samhengi að nálægð við skjólstæðingana sé til staðar. Guðrún Frímansdóttir nefndi að hér áður fyrr voru nemendur ekki hvattir til þess að fara út á land í verknám. Segja má að það sé að breytast. Til að mynda hafa félagsþjónusturnar í sveitarfélögunum við Eyjafjörð og Félagsþjónusta Norðurþings gefið það út að þær séu tilbúnar að taka á móti nemum í starfsþjálfun með von um að áhugi myndist fyrir því að fleiri félagsráðgjafar flytji út á land. Starfsþjálfun í minni sveitarfélögum úti á landi getur gefið góða reynslu því þar þurfa nemendur að kljást við mörg mismunandi og fjölbreytt verkefni. Einnig gæti stærð samfélagsins og stofnananna þar gefið nemendum mikla yfirsýn og frekari skilning, sem gæti komið að góðum notum (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2001). Að kljást við mismunandi verkefni getur einnig hjálpað nemendum að finna áhugasvið sitt og auðveldað valið til frekari sérhæfingar.

Í Háskóla Íslands eru fjölbreytt og góð námskeið í félagsráðgjöf. Öll koma þau inn á starfssvið félagsráðgjafa, hvort sem um ræðir á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Fjallað er um barnavernd, málefni aldraða, málefni fatlaðra og fjárhagsaðstoð, svo dæmi séu tekin. En enginn áfangi tekur þessa nánd sérstaklega fyrir sem einkennist á landsbyggðinni og

gerir starfið erfiðara fyrir vikið. Í faginu almenn félagsráðgjöf var einn tími tekinn fyrir sem hét Félagráðgjöf í sveitarfélagi. Það var meðal annars sá tími sem kveikti áhuga höfundar á þessu efni og varð til þess að þetta ritgerðarefni var valið. Á öðru ári er félagsþjónusta sveitarfélaga aðeins tekin fyrir í félagsmálastefnum en ekki er farið út í það hvernig best sé að vinna úr þessu tvöfalda hlutverki, sem félagsráðgjafar í litlum sveitarfélögum glíma við. Það er spurning hvort að þörf sé á að breyta því. Nú veit höfundur ekki hvort að slíkt sé kennt í framhaldsnáminu við Háskóla Íslands, enda ekki kominn svo langt í námi. Huglægt mat höfundar er að þörf sé á að taka þennan pól aðeins betur fyrir. Ekki þyrfti endilega að hafa heilt námskeið um þetta, heldur þyrfti að taka þetta frekar fyrir í þeim námskeiðum sem fyrir eru.

Af persónulegum áhuga og forvitni lét ég spurninguna: „Heldur þú að þörf væri á frekari kennslu um félagsráðgjöf í sveitarfélagi?“ fylgja með í viðtölunum. Flest voru þau sammála um að þörf væri á því. Þá einna helst að fara inn á hvernig félagsráðgjafi nálgast hlutina og miða það bæði út frá landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Guðrún Jónsdóttir var ein af þeim sem taldi vera þörf á því og sagði:

Ég held að þetta sé vaxtarbroddurinn hjá félagsráðgjöfum að mörgu leyti. Það eru þessi sveitarfélög sem eru að taka við auknum verkefnum frá ríkinu sem felast í störfum félagsráðgjafa og þarna held ég að félagsráðgjöfum muni fjölga á næstunni. Og þetta er allt annars eðlis hér eða í Reykjavík. Það er svo mikil skörun á ýmsa þjónustupætti sem mikilvægt er að þekkja inn á.

Áhugavert var þó að öll nefndu þau, að sniðugt gæti verið að hafa meiri umfjöllun í náminu um það hvernig maður er sem félagsráðgjafi annars vegar og hvernig maður er sem persóna hins vegar og efla þannig nemendur og sjálfstraust þeirra. Höfundur fannst einnig áhugavert að félagsráðgjafarnir á landsbyggðinni töluðu allir um að með reynslunni hafi þeir lært að setja mörkin við skjólstæðingana. En þegar þeir voru að byrja voru þeir ekki nógu góðir í því. Með tímanum og reynslunni lærðu þeir hins vegar að temja sér það. Það er spurning hvort að ekki sé þörf á að taka það betur fyrir í náminu.

Heimildaskrá

- Alcock, P. og Harris, P. (1982). *Welfare law and order: A critical introduction to law for social workers*. London: The Macmillan Press Ltd.
- Alþingi. (e.d.) *Félagsmálanefnd*. Sótt 25. mars 2011 af <http://www.althingi.is/vefur/fel.html?lthing=.&nefnd=f%E9I>.
- Anderson, K., Danis, F., Galambos, C. og Watt, J.W. (2006). Rural Social Work Practice: Maintaining Confidentiality in the Face of Dual Relationships. *Journal of Social Work Values and Ethics*. Sótt 13. mars 2011 af http://www.socialworker.com/jswve/index2.php?option=com_content&do_pdf=1&id=23.
- Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir (ritstjórar). (2008). *Félagráðgjafatal*. Reykjavík: Steinholt ehf.
- Benedikt Jóhannesson. (2006). Rausað um byggðamál. *Vísending* 24(6), 2-4.
- Berk, L.E. (2009). *Child development*. Boston: Pearson higher education.
- Bjarni Jónsson, Jón Gauti Jónsson og Þröstur Sigurðsson. (1998). *Rekstur og stjórnun sveitarfélaga*. Reykjavík: Rekstur og ráðgjöf ehf.
- Denzin, N.K. og Lincoln Y.S. (1994). *Handbook of Qualitative Research*. Sage: Thousands Oaks, CA.
- Dominelli, L. (2002). Anti-oppressive Practice in Context. Í Adams, R., Dominelli, L. og Payne, M. (Ritstj.). *Social Work: Themes, Issues and Critical Debates*. (bls 7-35). Basingstoke: U.K. Palgrave.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to social work* (10.útg.). Boston: Allyn & Bacon.
- Félagráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Saga félagsins*. Sótt 13. mars 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=5&Itemid=28>.
- Friedman, P. (2003). *Meeting the Challenge of Social Service Delivery in Rural Areas*. Sótt þann 12. mars 2011 af www.financeproject.org/Publications/meetingthechallengein.htm.

- Ginsberg L. (1999). *Understanding Social Problems, Policys and Programs*. University of South Carolina.
- Green, R., & Mason, R. (2002). Managing confidentiality in rural welfare practice in Australia. *Rural Social Work*, 7(1), 34-43.
- Grétar Stefánsson. (2010, maí). *Lét ekki alvarlega árás í starfi stöðva sig*. Sótt 12. mars 2011 af http://www.eyjafrettir.is/frettir/2010/05/10/let_ekki_ekki_alvarlega_aras_i_starfi_stodva_sig.
- Guðný Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Steinunn Hrafnadóttir, (1997). The Development of local authority social services in Iceland. Í J. Sipilá, (Ritstj.), *Social care services: The key to the Scandinavian welfare model* (bls. 51-77) Aldershot: Avebury.
- Guðrún Bragadóttir (1991). Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Húsavík. Í Bjarney Kristjánsdóttir, Helga Þórólfsdóttir og Lára Björnsdóttir (Ritstj.) *Félagsráðgjöf á Íslandi 1964-1989*. (bls. 31-32). Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.
- Guðrún Frímansdóttir (1991). Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Akureyri. Í Bjarney Kristjánsdóttir, Helga Þórólfsdóttir og Lára Björnsdóttir (Ritstj.) *Félagsráðgjöf á Íslandi 1964-1989*. (bls. 27-30). Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.
- Gunnar M. Sandholt. (2002). *Bjartur á Bísanum? Nokkrar hugleiðingar um fjárhagsaðstoð í dreifbýli og þéttbýli*. Erindi flutt á málþingi félagsmálaráðuneytisins á Grand Hótel í Reykjavík. [Rafræn útgáfa]. Sótt 13. mars 2011 af www.velferdarraduneyti.is/media/word-skjol/erindi-sandholt.do.
- Halldór S. Guðmundsson. (2001). Nám á landsbyggðinni sem valkostur fyrir nema í félagsráðgjöf. *Flækjur og lausnir* 1(1), 15.
- Ingibjörg Broddadóttir. (1997). Bakgrunnur og framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. *Sveitarstjórnarmál*, 4, 217-226.
- Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. (1992). Það eru forréttindi að búa út á landi. *Vera* 11 (2), 2.
- Kolbrún S. Ingólfssdóttir (2009). *Merkiskonur sögunnar*. Reykjavík: Veröld.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousands Oaks: Sage.
- Landlæknisembættið. (e.d.) *Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt 24. febrúar 2011 af: <http://www.landlaeknir.is/template1.asp?PageID=295>.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Madden, R. G. og Wayne, R. H. (2003). Social work and the law: A therapeutic jurisprudence perspective. *Social work*, 48 (3), 338. [Rafræn útgáfa]. Sótt 24. febrúar 2011 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=1&did=000000379348541&SrchMode=1&sid=1&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1068847197&clientId=58032>.

Midgley, J. (1997). *Social Welfare in Global Context*. Thousand Oaks: Sage Publications.

Nanna K. Sigurðardóttir. (1991). Félagráðgjafastarfið. Í Bjarney Kristjánsdóttir, Helga Þóroldsdóttir og Lára Björnsdóttir (ritstj.) *Félagráðgjöf á Íslandi 1964-1989*. (bls. 8-18). Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagráðgjafa.

NASW Policy Statement. (e.d.). *Social work in rural areas*. Sótt 13. mars 2011 af www.marson-and-associates.com/rural/nasw_rural_policy_statement.html.

Neuman, W. L. (2006). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches*. Boston: Allyn & Bacon.

North Carolina Community Action Association. (e.d.). *2009 Hall of fame*. Sótt 21. apríl 2011 af <http://www.nccaa.net/About-NCCAA/2009-Hall-of-Fame.aspx>.

Popple, K. (1995). *Analysing Community Work. Its Theory and Practice*. London: Open University Press.

Ronnby, A. (1992). Gledsbygdskultur och social arbete. *Nordisk Sosialt Arbeid* 12(3). Bls. 51-62.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Félagþjónustur á Íslandi*. Sótt þann 28. febrúar 2011 af <http://www.samband.is/verkefning/felagsthjonusta/felagsthjonustuskrifstofur/>

Sigríður K. Þorgrímsdóttir. (2006). *Skýrsla nefndar félagsmálaráðherra um velferðarþjónustu í dreifbýli*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Félagráðgjöf – nauðsyn í nútímasamfélagi*. Sótt þann 15. mars 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=636481.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald: Rannsóknarviðtak, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 31-41.

Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). *Hvers vegna sjálfboðaliðastörf?: Um sjálfboðastarf, félagsmálastefnu og félagráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Steinunn Hjartardóttir. (1993). Að vera einn á skrifstofunni: um félagsráðgjöf í dreifbýlinu. *Félagsráðgjafablaðið*, 4 (1), 10-12.

Sævar Berg Guðbergsson. (1986). Félagsráðgjafabjónusta á vegum opinberra aðila- eða einkaaðila? *Félagsráðgjafablaðið*, 1, 29-32.

Taylor, S.J., og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. (3. útg.). New York: Wiley and Sons.

Thomas, H. og Thomas, D. L. (1949). *Frægar konur*. Seyðisfjörður: Prentsmiðja Austurlands.

Upplýsingaveita. (e.d.). *Íbúafjöldi sveitarfélaga*. Sótt 24. mars 2011 af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/varval.asp?ma=010IBUAR&path=../database/buar/&lang=3&ti=%CDb%FAafj%F6ldi+sveitarf%E9laga++++++>.

Valgerður H. Bjarnadóttir (1991). Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Akureyri. Í Bjarney Kristjánsdóttir, Helga Þórólfsdóttir og Lára Björnsdóttir (Ritstj.) *Félagsráðgjöf á Íslandi 1964-1989*. (bls. 33-36). Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Velferðarráðuneytið. (e.d.) *Um velferðarráðuneytið*. Sótt 23. febrúar 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/raduneyti/um-raduneytid/>.